

# Einn á vakt, alltaf á vakt

## Áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli

---

Rebekka Rún Sævarsdóttir og Sif Þórisdóttir

### HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA-gráðu í lögreglu- og löggæslufræði

Félagsvísindadeild

Maí 2019

# Einn á vakt, alltaf á vakt

Rebekka Rún Sævarsdóttir og Sif Þórisdóttir

12 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af

*Bachelor of Arts-prófi í lögreglu- og löggæslufræði*

Leiðbeinandi

Guðmundur Ævar Oddsson

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2019

Titill: Einn á vakt, alltaf á vakt

Stuttur titill: Áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli  
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í lögreglu- og  
löggæslufræði

Höfundarréttur © 2019 Rebekka Rún Sævarsdóttir og Sif Þórisdóttir  
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Rebekka Rún Sævarsdóttir og Sif Þórisdóttir, 2019, BA-verkefni, félagsvísindadeild, hug-  
og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 44 bls.

## Útdráttur

Markmið þessa verkefnis var að greina helstu áskoranir (e. challenges) og bjargráð (e. coping strategies) lögreglu í dreifbýli (e. rural policing) á Íslandi, þ.e.a.s. í lögreglumdæmum utan höfuðborgarsvæðisins. Lögregla er jafn mikilvæg í þéttbýli sem og í dreifbýli, en Ísland er eitt strjálbýlasta land í heimi og þriðjungur landsmanna býr utan höfuðborgarsvæðisins. Veruleiki lögreglumanna mótast af margbreytilegu byggðarlagi en lítill hljómgrunnur hefur þó verið fyrir þeim áskorunum sem landsbyggðalögreglan stendur frammi fyrir. Enn fremur er lítil fræðileg þekking fyrir hendi um þá sérstöku kunnáttu og hæfni sem lögreglustarf í dreifbýli og fámennu þéttbýli krefst. Í ljósi þessa var tilgangurinn með þessari rannsóknarritgerð að dýpka skilning okkar á helstu áskorunum og bjargráðum lögreglu í dreifbýli á Íslandi. Í þessari rannsókn var notast við eiginlega rannsóknaraðferð og tekin voru sex viðtöl við lögreglumenn með að minnsta kosti tíu ára starfsreynslu í lögreglunni sem störfuðu eða hafa starfað í dreifbýli. Viðmælendurnir voru spurðir ítarlega út í starf þeirra hjá lögreglunni, sérstaklega þeim hluta sem tengdist reynslu þeirra af lögreglustarfi í dreifbýli. Leitast var bæði eftir upplýsingum um almennt starf þeirra, helstu áskoranir þeirra og hvaða bjargráð þeir notuðust við til að mæta umræddum áskorunum. Niðurstöður okkar voru í samræmi við erlendar rannsóknir á lögreglumönnum í dreifbýli. Fyrir það fyrsta fannst lögreglumönnum það oft og tíðum mikil áskorun að starfa einir á vakt og sjá um stór landsvæði. Einnig töluðu þeir um að langar vegalengdir væru krefjandi m.t.t. forgangsaksturs, langs viðbragðstíma og að langt væri í næstu aðstoð. Lögreglumennirnir töluðu um að erfiðara væri að aðgreina einkalíf frá starfinu í dreifbýli, heldur en í þéttbýli. Einnig upplifðu þeir sig alltaf á vakt þar sem almenningur leitaði frjálst til þeirra hvort sem þeir væru á vakt eða ekki. Meðal helstu bjargráða lögreglumanna var að nýta sér umhverfið og aðstoð almennings. Þá voru viðmælendurnir samhljóma um að þeirra helsta bjargráð væri að beita öðruvísi nálgun við löggæslu en í þéttbýli, þ.e.a.s. að leggja meiri áherslu á samtal og „samningaviðræður“ og minni á þvingun (sbr. „mjúka löggæslu“).

*Lykilorð: Lögregla, dreifbýli, áskoranir, bjargráð*

## **Abstract**

The goal in this thesis was to analyze the main challenges and corresponding coping strategies of police officers in rural areas in Iceland, specifically, police officers that work outside of the capital area. Law enforcement is just as important in rural areas as it is in urban areas. Iceland is one of the most sparsely populated countries in the world and a third of the Icelandic population lives outside of the capital area. The work of police officers is shaped by community structures of the natural environment, yet the specific challenges of rural police officers fall on deaf ears among law makers. Little research also exists on the specialized tasks and challenges that police working in rural areas is faced with. In light of this, the main focus of this study was to enhance our understanding of the main challenges and coping strategies of police officers in rural areas in Iceland. In this research we used qualitative methods and interviewed six individuals with at least ten years work experience in the police and worked or had worked in rural areas. The interviewees were asked about their jobs as police officers, especially the experience of policing while overseeing rural areas. The main focus was about their biggest challenges and what coping strategies they used. Our results are consistent with previous research on rural policing. First of all, our interviewees thought it was challenging to be alone on duty and having to cover vast areas. They also talked about the great distances they had to travel when going on calls, which resulted in longer response time and also longer time for backup to arrive. The interviewees talked about the fact that it could be more difficult to separate their private lives from work in rural areas, rather than in urban areas. They were always on duty, as the public freely sought out to them even if they were not on duty. One of the main coping strategies for police officers in rural areas is to use the environment to one's advantage and get help from the public. Our interviewees were also in agreement that a different approach to policing was required in rural areas as compared to urban areas. Rural policing demands more dialogue and negotiation with individuals and the community and less use of force in order to ensure the least amount of resistance (i.e. soft policing).

*Keywords: Police, rural, challenges, resorts.*

## **Þakkarorð**

Í þessari 12 eininga BA-ritgerð, sem er lokahnykkurinn í okkar BA-námi í löggæslu- og lögreglufræði við Háskólann á Akureyri, tókum við þá einstaklega góðu ákvörðun að biðja Guðmund Ævar Oddsson um að vera leiðbeinanda okkar. Hann tók að sér leiðsögnina með glöðu geði, eins og honum einum er lagið. Honum viljum við færa sérstakar þakkir fyrir vandaða og góða leiðsögn og þá sérstaklega fyrir þolinmæði og skjót svör við endalausum tölvupóstum. Einnig viljum við báðar þakka okkar einstöku foreldrum fyrir stöðugan stuðning í gegnum námið allt. Við gætum talið upp þó nokkrar mikilvægar manneskjur í okkar lífi og fært þeim þakkir, en þar sem við ætlum að hafa þetta stutt og hnitmiðað, þá vitið þið hver þið eruð. Að lokum viljum við að sjálfsögðu þakka Jónunum okkar fyrir allt, þá sérstaklega fyrir stuðning í gegnum þessi skrif.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	i
Abstract.....	ii
Þakkarorð.....	iii
Efnisyfirlit.....	iv
Myndayfirlit.....	v
1. Inngangur.....	1
1.1 Skilgreiningar.....	3
2. Fræðilegur bakgrunnur .....	5
2.1 Áskoranir.....	7
2.1.1 Nálægð, stærð umdæma og vegalendir .....	7
2.1.2 Öryggi.....	9
2.1.3 Félagsleg einangrun og andlegir kvillar .....	10
2.2 Bjargráð.....	12
2.2.1 Samband lögreglu við fólkið .....	12
2.2.2 Samtalstækni .....	13
2.2.3 Sjá um sitt eigið öryggi .....	14
2.3 Íslenska lögreglan .....	15
2.4 Afbrotatíðni á Íslandi .....	17
2.4.1 Eru afbrot öðruvísi og umfang þeirra mismunandi í dreifbýli og þéttbýli? .....	18
3. Gögn og aðferðir.....	21
4. Niðurstöður.....	23
4.1 Alltaf á vakt.....	23
4.2 Einn á vakt, langt í næstu bjargir .....	25
4.3 Öðruvísi vinnuáðstæður .....	26
4.4 Góð sambönd og samtöl.....	27
4.5 Nota þær bjargir sem í boði eru .....	28
5. Umræður og samantekt.....	30
Heimildaskrá.....	33
Viðauki 1 .....	40
Viðauki 2 .....	43

**Myndayfirlit**

Mynd 1. Lögregluumdæmi á Íslandi .....	4
--	---



*None but a fool or a madman will ever pretend to dispute the authority of experience, or to reject that great guide of human life. – David Hume, 1748*

## 1. Inngangur

Lögreglan hefur það hlutverk að halda uppi lögum og reglu. Einnig krefst starfið þess almennt að lögreglan grípi inn í aðstæður sem óbreyttir borgarar telja sig ekki ráða við, stemma stigu við afbrotum og rannsaka ef eitthvað ólöglegt eða misjafnt hefur mögulega átt sér stað (Waddington og Wright, 2010). Lögreglustarfið er erfitt og hefur orðið mun flóknara og meira krefjandi samfara örum þjóðfélagsbreytingum síðustu áratugi sem hafa aukið hraða, margbreytileika og flækjustig samfélagsins (Bayley, 2016). Nútímalögreglumaðurinn stendur fyrir vikið frammi fyrir afar flóknum og margþættum áskorunum (Newburn og Reiner, 2007).

Aðstæðurnar sem lögreglumenn standa frammi fyrir eru oft óræðar, flóknar og stundum hættulegar þeim og öðrum (Prenzler, 2012). Enn fremur eru aðstæður oft margþættar, síbreytilegar og krefjast þess að lögreglumenn séu fljótir að hugsa og noti sjálfræði sitt á þann hátt að það skapi og viðhaldi trausti almennings til lögreglunnar sem stofnunar (Christopher, 2015; Buvik, 2016). Lögreglumenn þurfa ávallt að haga sér í samræmi við lög og siðareglur (Flanagan, 2008). Hins vegar meðan lög og reglur eru alla jafna föst í skorðum eru aðstæður á vettvangi það sjaldnast, líkt og víða annars staðar þar sem manneskjur eiga í hlut. Charles (2000, bls. 73) orðar þetta vel: „Það er nauðsynlegt að lögreglumenn læri að rýna til gagns og hugsa óhlutbundið og skapandi þegar þeir standa frammi fyrir aðstæðum sem krefjast greiningar og þegar leysa þarf vandamál. Þeir þurfa einnig að búa yfir þeirri hæfni að læra af reynslunni“ (þýðing okkar).

Flestir telja sig vita út á hvað lögreglustarfið gengur. Hins vegar átta fæstir sig á því hversu flókið lögreglustarfið og löggæsla í nútímasamfélögum er orðin (Bayley, 2016). Enn fremur litast hugmyndir fólks um lögreglu og hennar störf sterklega af því hvernig fólk ímyndar sér „stórborgarlögregluna“, sem við höfum stöðugt fyrir augunum í fjölmiðlum, en sú umfjöllun getur verið bæði jákvæð og neikvæð. Það er þó ljóst að umfjöllun í fréttum og á samfélagsmiðlum hefur áhrif á skoðanir og hugmyndir fólks um lögreglu (Graziano og Gauthier, 2018).

Almenningur hefur óljósari hugmyndir um starf lögreglumanna í dreifbýli (e. rural police officers) auk þess sem ekki er um auðugan garð að gresja þegar kemur að fræðilegum rannsóknum á lögreglumönnum í dreifbýli (Mawby, 2011). Þetta er miður því lögreglumenn í dreifbýli standa á margan hátt frammi fyrir öðruvísi áskorunum en lögreglumenn í þéttbýli (Fenwick, 2015). Þá er alla jafna meira um afbrot og félagslega óreiðu í dreifbýli en hugsýnin

um hið „friðsæla dreifbýli“ (e. rural idyll) gefur til kynna (Barclay, Donnermeyer og Jobes, 2004).

Engin rannsókn hefur verið sérstaklega gerð á lögreglumönnum í dreifbýli hér á landi, sem er áhugavert þar sem Ísland er eitt strjálbýlasta land í heimi með um 3,3 íbúa á ferkílómetra. Á Íslandi þekur byggð og iðnaðar- og verslunarhúsnæði einungis 0,2% af flatarmáli. Enn fremur býr um þriðjungur landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins (Kolbeinn Árnason og Ingvar Matthíasson, 2009; Hagstofa Íslands, 2017). Þá fjölgar íbúum utan höfuðborgarsvæðisins jafnt og þétt þrátt fyrir að hlutfall þeirra af heildarfjölda landsmanna fari jafnframt lækkandi því íbúafjölgunin er enn hraðari á höfuðborgarsvæðinu (Þóroddur Bjarnason, 2015). Skipulag lögreglu í dreifbýli skiptir því miklu máli fyrir Íslendinga.

Í ljósi ofangreinds ákváðum við að gera rannsókn á helstu áskorunum og bjargráðum lögreglumanna sem starfa í dreifbýli á Íslandi. Þekkingarbrunnur okkar um löggæslu í dreifbýli er heldur grunnur og stafar það kannski allra helst af því að nær öll umræða um lögreglustarf miðast við borgir og þéttbýli, hvort sem það er á Íslandi eða erlendis. Við skoðun á þessu viðfangsefni kom það fljótlega í ljós að rannsóknir tengdar löggæslu í dreifbýli, svo sem varðandi afbrot eða reynslu lögreglumanna í dreifbýli, eru af skornum skammti (Fenwick, 2015).

Það voru nokkrir þættir sem spila inn í áhuga okkar á þessu viðfangsefni en þó tveir sem standa upp úr. Fyrst ber að nefna að báðar eru við starfandi lögreglumenn hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra, en umdæmi hennar telst dreifbýli samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD, 2011) sem við styðjumst við í þessari rannsókn. Starf okkar sem lögreglumenn fer þó aðallega fram í þéttbýlinu á Akureyri. Hins vegar ólumst við báðar upp í dreifbýli og þekkjum starf lögreglumanna í dreifbýli óbeint og af afspurn.

Áskoranirnar sem lögreglumenn í þéttbýli eiga við eru óumflýjanlega ólíkar þeim sem lögreglumenn í dreifbýli þurfa að kljást við, vegna þess hve ólík samfélögin eru og stærð þeirra (Fenwick, 2015). Hér má nefna til sögunnar áhrifaþætti á borð við öðruvísi landslag, veðurfar, innviði og samgöngur. Þá er tíðni afbrota almennt lægri í dreifbýli en í þéttbýli (Yarwood og Gardner, 2000). Enn fremur er dreifbýli ekki einsleitt. Þóroddur Bjarnason (2015) hefur til að mynda lagt áherslu á að byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins héraðs séu margvísleg og því réttara að tala um „landsbyggðir“ frekar en (einsleita) „landsbyggð“. Veruleiki lögreglumanna í landsbyggðunum mótast af þessum margbreytileika. Starf lögreglumanna er til dæmis misjafnt eftir því hvort þeir starfa í landsbyggðum í næsta nágrenni við höfuðborgina, í stærri landshlutamiðstöð á borð við Akureyri eða strjálbýlum svæðum fjarri þéttbýli.

Við framkvæmdum því rannsókn til að leggja okkar af mörkum í að auka þekkingu á löggæslu í dreifbýli hérlendis og tókum viðtöl við lögreglumenn sem starfa eða höfðu starfað í dreifbýli. Megintilgangur viðtalanna var að fræðast um helstu áskoranir lögreglumanna í dreifbýli og þau bjargráð sem þeir nýta sér til þess að mæta umræddum áskorunum. Í ljósi þessa leggjum við upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu:

*Hverjar eru helstu áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli?*

Ritgerðinni er skipt upp í fimm kafla að inngangi meðtöldum. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir fyrri rannsóknum á lögreglumönnum í dreifbýli. Kaflanum er skipt í fjóra undirkafla. Fyrsti undirkaflinn fjallar um helstu áskoranir lögreglumanna í dreifbýli. Í öðrum undirkaflanum er farið yfir þau bjargráð sem lögreglumenn í dreifbýli hafa tileinkað sér samfara tilteknum áskorunum. Í þriðja undirkaflanum er stiklað á stóru um störf íslensku lögreglunnar og afbrotatíðni á Íslandi. Í fjórða undirkaflanum er farið yfir afbrot almennt og þeirri spurningu velt upp hvort afbrot og tíðni afbrota séu með einhverju móti öðruvísi og af annarri stærðargráðu í þéttbýli en í dreifbýli.

Þriðji kafli fjallar um gögnin og aðferðirnar sem notaðar voru við framkvæmd rannsóknarinnar. Þar er einnig farið yfir hvernig við völdum viðmælendur okkar, hvernig viðtölin voru framkvæmd o.s.frv. Í fjórða kafla eru niðurstöður greiningar okkar á viðtölunum reifaðar. Kaflanum er skipt upp í fimm undirkafla sem endurspegla helstu þemu sem komu fram í viðtölunum. Í fimmta og síðasta kafla er samantekt og umræður.

Þær heimildir sem stuðst er við í þessari ritgerð eru allra helst ritrýndar erlendar fræðigreinar um löggæslu í dreifbýli og tengdar rannsóknir. Úrvalið var þó ekki yfirþyrmandi og lítið er til af íslensku efni. Af íslensku efni studdumst við helst við ársskýrslur ríkislögreglustjóra og íslensk lög.

## 1.1 Skilgreiningar


Hér ætlum við að útlista nokkrar af þeim skilgreiningum á lykilhugtökum sem við styðjumst við í ritgerðinni, sbr. *lögregla*, *áskoranir*, *bjargráð* og *dreifbýli*.

**Lögregla** (e. police) er ríkisstofnun með valdheimildir og umboð til að stemma stigu við og rannsaka afbrot og óreglu og hefur það sem meginhlutverk að halda uppi lögum og reglu (lögreglulög nr. 90/1996).

**Áskoranir** (e. challenges) vísar í þessari ritgerð til sérstaklega krefjandi aðstæðna sem einskorðast að mestu leyti við starf lögreglumanna í dreifbýli á einn eða annan hátt.

**Bjargráð** (e. coping strategies) vísar til þeirra úrræða og tækni sem lögreglumenn í dreifbýli hafa tileinkað sér til að mæta ofangreindum áskorunum.

**Dreifbýli** er ekki svo einfalt að skilgreina. Til er fjöldinn allur af skilgreiningum á dreifbýli og þéttbýli og sitt sýnist hverjum. Í þessari ritgerð förum við eftir skilgreiningu og flokkun Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (e. Organisation for Economic Co-operation and Development) (OECD, 2011). Þar er þéttbýli skilgreint sem stjórnsýslueining með fleiri en 150 íbúa á ferkílómetra. Dreifbýli er hins vegar skilgreint sem stjórnsýslueining með færri en 150 íbúum á ferkílómetra. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru öll lögregluumdæmi utan höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja dreifbýli. Hægt er að sjá á mynd 1 hér að neðan hversu fjölbreytt landslag hvers embættis er og hve stór hluti landsins telst dreifbýli.



Mynd 1. Lögregluumdæmi á Íslandi

## 2. Fræðilegur bakgrunnur

Hér verður farið yfir þær áskoranir sem lögreglan í dreifbýli stendur frammi fyrir og í næsta kafla verður farið yfir þau bjargráð sem viðkomandi lögreglumenn hafa tileinkað sér í ljósi téðra áskorana. Fjölmargar rannsóknir eru til um lögreglu í þéttbýli (Ceccato og Dolmen, 2011) en, eins og fram kom hér að ofan, er fátt um rannsóknir á löggæslu í dreifbýli. Fyrstu rannsóknirnar af þessu tagi voru gerðar um árið 1970 (Payne, Berg og Sun, 2005). Þær tiltölulega fáu rannsóknir sem til eru á þessu viðfangsefni byggja hins vegar fyrst og fremst á reynslu Ástralíubúa, Bandaríkjamanna og Bretanna (Ceccato og Dolmen, 2011). Rannsóknir á lögreglu á Norðurlöndum hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu 15-20 ár en rannsóknir á lögreglustarfi í dreifbýli og fámennu þéttbýli hefur að mestu orðið út undan (Høigard, 2011).

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að sérstakar áskoranir lögreglu í dreifbýli og fámennu þéttbýli skýrast að mörgu leyti af því að slík svæði hafa færri lögreglumenn miðað við höfðatölu, stór lögreglumæmi, langar vegalengdir og lengri viðbragðstíma lögreglu (Yarwood og Mawby, 2011). Fyrir vikið eru landsbyggðalögreglumenn oft einangraðir í landfræðilegum skilningi en einnig félagslega einangraðir frá öðrum úr starfsstéttinni. Sem dæmi er einungis einn lögreglumaður sums staðar á Íslandi með umsjón með afar víðfeðmu svæði. Þá þarf dæmigerður landsbyggðalögreglumaður að glíma við fjölbreyttari afbrot en hinn dæmigerði lögreglumaður úr fjölmennu þéttbýli, sem getur alla jafna sérhæft sig í ákveðnum viðfangsefnum (Sigurður Jónsson, 21. febrúar 2018).

Landsbyggðalögreglumenn hafa einnig færri úrræði og þar af leiðandi minni stuðning. Þá myndast oft ákveðin spenna í dreifbýli og fámennu þéttbýli milli kröfunnar um að lögreglumenn sérhæfi sig í ákveðnum viðfangsefnum og kröfunnar um að þeir skilji og taki virkan þátt í nærsamfélaginu. Landsbyggðalögreglumenn þurfa að búa yfir sérstakri þekkingu og hæfni til þess að geta mætt fyrrgreindum áskorunum og sinnt starfi sínu vel. Nýleg skosk rannsókn sýndi, sem dæmi, að landsbyggðalögreglumenn þurfa að vera afar fjölhæfir til þess að geta leyst hin fjölbreyttu mál sem þeir fá inn á borð til sín. Landsbyggðalögreglumenn þurfa því að geta unnið sjálfstætt. Þeir þurfa jafnframt að vera í nánum tengslum við nærsamfélagið og taka að sér leiðtogahlutverk í samfélaginu. Þetta skýrist að stórum hluta af nálægðinni við íbúana í leik og starfi og því að mörg viðfangsefni landsbyggðalögreglumanna flokkast ekki undir hefðbundna löggæslu. Loks þurfa lögreglumennirnir að hafa djúpan skilning á þeim kröfum sem löggæsla í dreifbýli og fámennu þéttbýli gerir til þeirra (Wooff, 2015).

Ljóst er þó að munur er á að starfa í þéttbýli og dreifbýli og standa lögreglumenn sem starfa í dreifbýli oft frammi fyrir töluvert öðruvísi áskorunum en lögreglumenn í þéttbýli

(Payne, Berg og Sun, 2005). Decker (1979) gerði til að mynda áhugaverða rannsókn á lögreglu sem starfaði í dreifbýli og komst að því að verkefni lögreglu eru oft mjög misjöfn eftir staðsetningu. Til að mynda sá hann hvernig lögreglan í dreifbýli hefur að mörgu leyti breiðara starfssvið og þarf að sinna verkefnum á borð við að aðstoða við nágrannaerjur vegna deilna um landsvæði, yfir í að athuga með vanrækslu á dýrum. Þetta eru verkefni sem lögreglan í þéttbýli kannast síður við og þarf því ekki að kljást eins oft við.

Hluti skýringarinnar á því hvers vegna rannsóknir á löggæslu í dreifbýli hafa verið vanræktar er að samkvæmt Dingwall og Moody (1999) eiga afbrotafraeðingar það til að þjást af ákveðinni þröngsýni sem þeir kalla „mean streets myopia“. Þeir sögðu hana lýsa sér á þann hátt að afbrotafraeðingar rannsökuðu allra helst afbrotamenn og afbrot í þéttbýli, en ekki í dreifbýli. Á síðustu árum hefur orðið ákveðin vitundarvakning um það hversu breytileg verkefni og helstu áherslur eru á milli þéttbýlis löggæslu annars vegar og dreifbýlislöggæslu hins vegar. Í framhaldi af því hafa verið framkvæmdar margar rannsóknir í þeim tilgangi að varpa ljósi á mun þessara tveggja fyrirbæra (Smith, 2010). Þar af leiðandi þykir okkur vel við hæfi að rannsaka dreifbýlislöggæslu sem sérstakt fyrirbæri aðskilið frá þéttbýlislöggæslu. Von okkar er að hjálpa til við að skýra frekari mun á löggæslu á þessum tveimur ólíku vettvöngum sem virðast keimlíkir á yfirborðinu, en þegar kafað er dýpra kemur annað í ljós.

Í löndum með mikið dreifbýli er þetta þó einnig vanrækt rannsóknarefni og þekkingin af skornum skammti (Mawby, 2012). Margar ástæður geta verið fyrir því að þetta er svona vanrækt rannsóknarefni, en eitt sem stuðlar að því er að öll kennsla í gagnreyndri löggæslu (e. evidence-based policing) er miðuð við þéttbýli eða stórborgir, þar sem skólinn er yfirleitt staðsettur. Gera má ráð fyrir að löggæsla í stórborg eigi lítið sameiginlegt með smábæ með 1.500 eða færri íbúa þar sem landsvæðið er víðfeðmara og býður upp á ólík verkefni. Nánast ekkert kennsluefni er til sem gagnert miðar að því að búa lögreglumenn undir löggæslu í dreifbýli og þau verkefni og áskoranir sem slík löggæsla hefur upp á að bjóða (Fenwick, 2015).

Rannsókn sem var gerð með tilliti til reynslu lögreglumanna við dreifbýlislöggæslu í Skotlandi leiddi í ljós að meirihluti þeirra greindi frá því hvernig þeim fannst lögreglunámið ekki hafa undirbúið þá nægilega vel fyrir löggæslu í dreifbýli. Þeir lýstu því að allt námið var miðað við verkefni í stórborgum á borð við Glasgow og þá mönnun og úrræði sem eru þar innan handar. Í lögreglunáminu eru flest lögreglutök, flutningur fanga og aðrar aðferðir sem kenndar eru miðaðar við að að minnsta kosti tveir lögreglumenn séu þar með einn einstakling. Lögreglumennirnir í rannsókninni höfðu því orð á því að námið hafi ekki undirbúið þá nægilega vel fyrir veruleika lögreglumanna í dreifbýli og að þeir hafi þurft að tileinka sér nýjar aðferðir og bjargráð af þessum sökum (Slade, 2012).

Ýmsar hugmyndir eru uppi um það hvers vegna munur er á dreifbýlislöggæslu og þéttbýlislöggæslu. Roberg, Crank og Kuykendall (2000) settu fram þá kenningu að vinnuaðferðir lögreglumanna og hvernig þeir horfa á starfið mótist af umgengni þeirra við aðra og reynslu þeirra í starfinu. Félagsmótunin hefst strax í lögreglunáminu, heldur áfram í starfsnáminu en er síðan hvað mest í daglegu amstri lögreglustarfsins, þar sem lögreglumaðurinn á í samskiptum við almenning. Í kenningu Robergs og kollega segir að aðstæður og staðsetning lögreglumanna skipti miklu máli þegar kemur að mótun þeirra í starfi. Til að mynda hvar viðkomandi starfar og við hvaða aðstæður getur skipt sköpum í því hvernig hann kemur fram og leysir verkefni starfsins (Sun og Chu, 2006). Það mætti segja að þetta sé leiðarljós þessarar ritgerðar: Mismunandi verkfæri og aðferðir lögreglu eftir staðsetningu og aðstæðum.

## 2.1 Áskoranir

Það sem við erum að leitast eftir með því að rýna í áskoranir lögreglumannanna, er að skoða hvað er ólíkt með dreifbýlislöggæslu og þéttbýlislöggæslu og hvað það er sem lögreglumenn í dreifbýli þurfa að kljást við í meiri mæli en lögreglumenn í þéttbýli. Áskoranir lögreglumanna í dreifbýli eiga stundum lítið skylt við þéttbýlislöggæslu. Vissulega er þetta þó sama starfið og því margt sameiginlegt. Hins vegar verður að taka tillit til samfélags- og landfræðilegs breytileika (Slade, 2012).

Löggæsla í dreifbýli og þéttbýli er mismunandi á marga vegu en þá kannski allra helst hvað varðar tegundir verkefna og úrvinnslu (Weisheit, 2006). Til að mynda eru lögreglumenn í þéttbýli alla jafna fljótari að beita þvingunarúrræðum (e. force), handtöku og sektum til að halda uppi lögum og reglu á meðan lögreglumenn í dreifbýli eru líklegri til þess að veita tiltal og sjá til þess að viðhalda góðu sambandi við fólkið í samfélaginu (Meagher, 1985). Þetta gefur okkur ákveðna hugmynd um að verkefnin geta verið töluvert ólík í dreifbýli og þéttbýli og þær áskoranirnar sem lögreglumennirnir eiga við að etja. Áskoranirnar geta verið jafn margvíslegar og verkefnin og hér að neðan munum við fjalla stuttlega um nokkrar af þeim helstu áskorunum sem koma fram í fyrri erlendum rannsóknum sem teknar voru til skoðunar um þetta efni.

### 2.1.1 Nálægð, stærð umdæma og vegalendir

Það er ákveðin áskorun hversu mikil nálægðin er í dreifbýli vegna tiltölulega fárra íbúa og eru lögreglumenn engin undantekning. Í dreifbýli þekkjast oftast flestir og geta lögreglumenn sem eru í góðu sambandi við fólkið í samfélaginu, nýtt sér það í sínu starfi. Einnig með því að

þekkja fólkið í sínu samfélagi eru þeir þar með líklegri til að vita hverjir eru líklegri til að fremja afbrot en aðrir og eiga þá auðveldara með að komast að því hvar viðkomandi heldur sig og með hverjum hann er dagsdaglega. Einnig eiga lögreglumenn í þessari aðstöðu auðveldara með að fylgjast með breytingum í samfélaginu og sjá hverjir eru nýir og hverjir ekki (Weisheit, Falcone og Wells, 1994).

Á hinn bóginn þekkir lögreglumaðurinn oft og tíðum fólkið sem hann þarf að hafa afskipti af og getur nálægð fyrir vikið torveldað starfið, enda getur það reynst lögreglumönnum mikil áskorun að hafa afskipti af fólki sem þeir þekkja vel (Sun og Chu, 2009). Í ofanálag er ein af þeim fjölmörgu áskorunum sem skapast varðandi nálægð fyrir lögreglumenn í dreifbýli sú að almenningur getur þekkt lögreglumanninn það vel að óprúttir aðilar geta nýtt sér það til hagsbóta (Ellison og Genz, 1983).

Í dreifbýli geta tæknileg vandamál og veðurfar haft veruleg áhrif á störf lögreglu og þar sem við búum á Íslandi er íslenska lögreglan fjarri því að vera laus við vandamál af þessu tagi. Í rannsókn Slade (2012) töluðu sumir lögreglumenn um að þeir hefðu ekki getað hitt yfirmenn augliti til auglitis í langan tíma vegna veðurfars og getur það skapað ákveðna einangrun fyrir lögreglumanninn.

Einnig lýstu þeir ábyrgðinni sem hvíldi á þeim ef þeir færu frá bæjarfélaginu, og að þeir gætu allt eins lent í því að verða strandaglópar utan bæjarins í einhvern tíma vegna veðurfars. Þar með þyrftu þeir að íhuga og undirbúa sig vel áður en þeir ákvæðu að fara úr bænum. Einnig töluðu lögreglumenn um að ef veðrið væri slæmt gæti það orðið til þess að allar samgöngur lömuðust, sem hefði áhrif á ýmislegt, til að mynda að fá matvæli í búðir (Slade, 2012).

Önnur áskorun sem kom fjölmörgum sinnum fram varðandi störf lögreglu í dreifbýli, voru langar vegalengdir. Vegalengdirnar milli bæja voru oft mjög langar og stundum var viðhald ekki gott og vegirnir jafnvel einbreiðir. Það gat haft þær afleiðingar í för með sér að viðbragðstími gat lengst um allt að helming eða meira, ef slæmt veður eða færð var á svæðinu (Fenwick, 2015; Slade, 2012).

Hér á landi vakti Sigurður Jónsson lögreglumaður mikla athygli með erindi sínu „Einn á vakt“ á ráðstefnunni Löggæsla og samfélagið við Háskólann á Akureyri, þar sem hann lýsti einmitt áskorunum lögreglumanna í dreifbýli. Sigurður hóf störf árið 1991 og hefur starfað víða innan lögreglunnar. Hann talaði í erindi sínu, sem fyrr segir, um að áskoranir lögreglunnar í dreifbýli séu krefjandi þar sem lögreglumenn starfi mikið einir á vakt. Meðal annars fer hann inn á það hvað það sé langt í næstu aðstoð og að vegalengdir séu langar. Sigurður sagði frá máli sem hann fór í einn þar sem einstaklingur var búinn að skaða sjálfan sig í heimahúsi en hann var þá einn á vakt og reglan er sú að sjúkraliðar fara ekki á vettvang nema lögregla sé



búin að tryggja vettvang og þar af leiðandi afvopna einstaklinginn. Hann stóð því frammi fyrir því að þurfa að sjá einn um að afvopna einstaklinginn svo hann gæti fengið aðstoð og aðhlyningu (Sigurður Jónsson, 21. febrúar 2018).

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu viðfangsefni eiga það margar hverjar sameiginlegt að leiða í ljós þá niðurstöðu að lögreglumenn minntust oft á það sem töluverða áskorun að þurfa að sinna stórum landsvæðum. Þá var ætlast til af þeim að sjá um stórt landsvæði sem fól í sér ýmsar áskoranir á borð við vegalengdir, lengri viðbragðstíma og lengra í næstu aðstoð. Einn lögreglumaður í rannsókn Fenwick (2015) komst vel að orði og líkti þessari áskorun við að reyna að leggja gólfefni á 12 ferfeta herbergi, með aðeins efni til að leggja á 8 ferfet, eða „covering a 12 foot room with an 8 foot carpet“.

### 2.1.2 Öryggi

Í rannsókn sem var framkvæmd til að kanna reynslu lögreglumanna í dreifbýli töluðu margir hverjir um að þegar þeir hófu störf við löggæslu í dreifbýli hafi þeim verið „fleygt í djúpu laugina“. Þeir höfðu orð á því að þeir fengu kannski ekki alveg sömu meðferð og nýliðar í þéttbýli, en þar eru oftast nýliðar lengi með þeim eldri og reyndari og læra þannig á starfið og axla síðan aukna ábyrgð hægt og rólega. Margir töluðu um að hafa fengið mikla ábyrgð frá fyrsta degi og að hafa þurft að læra á starfið jafnóðum, sem var líklega ekki ákjósanlegasta leiðin, en eina leiðin sem var í boði (Slade, 2012).

Lögreglustarfið felur oft í sér verkefni sem ógna öryggi lögreglumannsins og getur það haft áhrif bæði á líðan lögreglumannsins og fjölskyldu hans. Til dæmis standa lögreglumenn oft frammi fyrir hótunum gagnvart þeim sjálfum og fjölskyldum þeirra. Þessu fylgir ákveðið óöryggi og hefur fjölskyldan gjarnan áhyggjur af lögreglumönnum í þeirra starfi. Síðan er ákveðin óvissa sem fylgir útköllum sem lögreglumennirnir þurfa oft en ekki að sinna einir og skapar það ákveðið óöryggi í starfinu og fyrir fjölskylduna. Að sama skapi er það ákveðinn ókostur fyrir lögreglumenn og fjölskyldur þeirra að geta oft ekki gefið upp nákvæma tímasetningu hvenær þeir kæmu heim af vakt, vegna óvissu um hvenær útkall kæmi og hvenær því lyki. Þetta getur gert fjölskylduna taugaóstyrka og óvissa um öryggi viðkomandi lögreglumanns (Buttle, Fowler og Williams, 2010).

Í dreifbýli eru einnig oft og tíðum fleiri skráðir fyrir skotvopni en í þéttbýli og hefur því verið velt upp hvort það geti aukið kvíða og álag hjá lögreglu í dreifbýli þar sem þar eru lögreglumenn mun meira einir á vakt en í þéttbýli. Engar rannsóknir hafa þó verið gerðar sem

taka sérstaklega tillit til fjölda skráðra skotvopna og líðanar dreifbýlislögreglumanna (Ellison og Genz, 1983).

### 2.1.3 Félagsleg einangrun og andlegir kvillar

Það að starfa sem lögreglumaður í dreifbýli getur haft í för með sér ákveðna streituvalda sem bundnir eru við það að starfa í smærri samfélögum. Þessir streituvaldar eru jafn misjafnir og þeir eru margir en geta til dæmis verið óöryggi, félagsleg einangrun og andlegt álag. Lögreglumenn geta þróað með sér svokölluð fiskabúrsáhrif (e. fish bowl effect) en með þeim er átt við að lögreglumaðurinn er ávallt undir smásjá almennings, hvort sem hann er við störf eða ekki. Línan sem segir til um hvort viðkomandi lögreglumaður sé á vakt eða ekki í dreifbýli er oft næfurþunn, ef einhver. Lögreglumenn í dreifbýli eru mun líklegri til þess að vera undir stanslausu áreiti tengt vinnunni því fólk hefur svo greiðan aðgang að þeim, hvort sem þeir eru heima hjá sér í fríi eða í vinnunni (Huey og Ricciardelli, 2015).

Lögreglumenn í dreifbýli eru oft vel þekktir í samfélaginu sem gerir þeim erfiðara fyrir að eiga sér einkalíf. Lögreglumenn í þessari aðstöðu eru því líklegri til þess að finna meira fyrir því í einkalífinu að þeir starfi sem lögreglumenn, þar sem almenningur kemur alltaf fram við viðkomandi sem lögreglumann, burtséð frá því hvort sá hinn sami er á vakt eða ekki. Lögreglumenn í dreifbýli eru þar af leiðandi líklegri til þess að njóta ekki „nafnleyndar“ líkt og oftast er með lögreglumenn í þéttbýli. Lögreglumenn í þéttbýli njóta einnig þeirra fríðinda að í lok vaktar stimpla þeir sig út og klæða sig úr einkennisfatnaðinum og eru þar með ekki lengur í vinnunni. Slíkra fríðinda njóta ekki lögreglumenn í dreifbýli, eins og hefur áður verið getið (Huey og Ricciardelli, 2015).

Einnig er það ekki einungis lögreglumaðurinn sem getur átt von á því að verða fyrir áreiti, því það er alls ekki óalgengt að fjölskylda lögreglumanns verði sjálfkrafa fyrir svipuðum kröfum og lögreglumaðurinn, þ.e.a.s varðandi hegðun og framkomu. Fjölskylda lögreglumanns er oftast en ekki sett undir sama hatt og lögreglumaðurinn og ber henni að vera til fyrirmyndar, hvorki brjóta af sér né haga sér ósæmilega (Fenwick, 2015).

Gerð var rannsókn á lögreglumönnum í Nýja-Sjálandi þar sem rætt var við lögreglumenn sem starfa í dreifbýli og hverjar helstu áskoranir þeirra væru. Margir hverjir lögreglumannanna töluðu um að þeir ynnu allan sólarhringinn. Þegar þeir voru í fríi var fólk samt sem áður að hafa samband við þá með einhverjum hætti til þess að biðja um ráð eða tala um eitthvað sem tengdist lögreglunni. Þeir minntust einnig á að þeim fyndist erfitt hvað starfið hefði mikil áhrif á fjölskylduna þeirra og þar af leiðandi á einkalíf þeirra. Einn

lögreglumaðurinn sagði frá því að þegar hann var í fríi hefði fólk komið að heimili hans, þar sem hann var búinn að setja miða á lögreglustöðina um að hann væri í fríi. Hann kvaðst hafa beðið einstaklingana um að fara, þar sem hann væri í fríi og þar af leiðandi ekki að taka við kvörtunum eða gefa ráð. Þar myndi hann draga línuna og hann vildi ekki þurfa að yfirgefa heimilið sitt til þess að fá vikufrí án truflana. Aðrir lögreglumenn í rannsókninni höfðu orð á því að þeir færu úr bænum sem þeir störfuðu í til þess að fá frið í fríinu (Buttle, Fowler og Williams, 2010).

Í rannsókn sem Huey og Ricciardelli (2015) gerðu á dreifbýlislögreglumönnum kom fram að þeir væru líklegri til þess að upplifa kulnun í starfi, sökum þess að þeir væru líklegri til þess að upplifa félagslega einangrun í starfi, sem og í einkalífinu. Einnig höfðu lögreglumenn orð á því að verkefnin og útköllin sem þeir sinntu væru annars vegar oft og tíðum einhæf og hins vegar væri streituvaldandi að eiga alltaf von á því að hafa afskipti af einhverjum sem þú þekktir eða væri náinn þér. Lögreglumenn í þéttbýli voru taldir ólíklegri til þess að finna fyrir félagslegri einangrun í starfi því þeir hafa samstarfsfélaga sína til þess að leita til og ræða við um bæði starfið og daginn og veginn. Lögreglumenn í þéttbýli voru einnig ólíklegri til þess að upplifa þessa félagslegu einangrun utan vinnunnar.

Félagsleg einangrun getur átt sér stað utan vinnunnar líka, en þá eiga lögreglumenn það til að einangra sig þar sem þeir upplifa sig stanslaust undir smásjá almennings. Það leiðir svo oft og tíðum til þess að þeir eiga óumflýjanlega erfitt með að aðskilja vinnu frá sínu persónulega lífi (Weisheit, Falcone og Wells, 1994).

Punch (1979) lýsti lögreglunni í dreifbýli sem einu félagsþjónustunni sem er opin allan sólarhringinn. Með því átti hann við að almenningur ætlaðist oft til þess að lögreglan gæti sinnt hans málum hvenær sem er og hvar sem er, þótt verkefnin tengdust lögreglunni mögulega lítið sem ekkert. Lögreglumenn sem störfuðu í dreifbýli upplifðu sig ekki einungis sem lögreglumenn heldur töluðu þeir einnig um að þeir bæru fleiri hatta en þeir ættu með réttu að bera. Margir töluðu um að sjá sig sem félagsráðgjafa, barnapíu, hjónabandsráðgjafa, geðlækni og lögreglumann. Það sem lögreglumennirnir töluðu hvað allra mest um var að þeir væru í stanslausum samningaviðræðum og fyndu sig knúna til þess að vera sáttasemjarar í flestum aðstæðum og þyrftu því að vera færir í að róa fólk og tala það til. Einnig töluðu lögreglumenn um að þeir upplifðu sig meira við störf í félagsþjónustu en að starfa sem lögreglumenn þar sem mörg verkefni þeirra myndu ekki endilega flokkast sem lögreglumál (Huey og Ricciardelli, 2015).

## 2.2 Bjargráð

Alþjóðlegar rannsóknir á dreifbýlislöggæslu sýna að lögreglumenn sem starfa í dreifbýli nota ýmiskonar bjargráð til þess að eiga við þær sérstöku áskoranir sem felast í starfi þeirra. Enn fremur benda umræddar rannsóknir til þess að helsta bjargráð dreifbýlislögreglumanna sé að nota munninn í meiri mæli en ella (Innes, 2005). Í þessum kafla munum við fara yfir helstu bjargráð sem lögreglumenn í dreifbýli notfæra sér í starfi sínu.

Sem dæmi um bjargráð má nefna mikilvægi þess að eiga góð samskipti við fólkið í samfélaginu, ná að tala það til þegar þarf og kunna að lesa í aðstæður og skynja hvað á við hvenær. Það að geta treyst á sjálfan sig í flestum aðstæðum var eitthvað sem hver lögreglumaður þarf að tileinka sér, en þá allra helst lögreglumenn í dreifbýli þar sem þeir eru líklegri til þess að vera einir á vakt og í krefjandi verkefnum einir (Wooff, 2017). Þá er mikilvægt að hafa í huga að þó að það felist fjölmargar áskoranir í því að starfa við löggæslu í dreifbýli getur það einnig skapað einstök tækifæri til þess að mynda sérstakt samband við fólkið í samfélaginu sem nýtist oft vel í lögreglustarfinu (Mawby og Yarwood, 2011).

### 2.2.1 Samband lögreglu við fólkið

Það að vera þekktur í ákveðnu bæjarfélagi getur haft sína kosti og galla, eins og komið hefur fram. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að mikil starfsánægja er meðal lögreglumanna í dreifbýli og fámennu þéttbýli. Landsbyggðalögreglumenn eru stoltir af starfi sínu, sem má meðal annars rekja til þess að þeir upplifa sig í miklum tengslum við nærsamfélagið og finnst sem störf þeirra hafi markverð áhrif á líf samborgarana. Til að viðhalda góðum samskiptum við fólk í smærri samfélögum er galdurinn, að mati lögreglumanna, að byggja upp traust og finna jafnvægi milli kröfunnar um að fara stíft eftir „reglubókinni“ og væntinga nærsamfélagsins (Fenwick, Dockrell, Roberts og Slade, 2012).

Samkvæmt Wooff (2017) virtist það skipta máli að lögreglumenn í dreifbýli beita frekar mildari úrræðum í stað harðræðis til þess að ná árangri í starfi og til þess að geta lifað í því samfélagi sem þeir starfa í. Wooff kallar þessa tækni „mjúka löggæslu“ (e. soft policing), en sú tækni snýst einmitt um að beita mildum úrræðum og leggur áherslu á mikilvægi þess að geta notað ákveðna samtalstækni við fólk. Þessi ákveðna tækni er talin nýtast lögreglu í dreifbýli sérstaklega vel þar sem er oft töluverð fjarlægð milli bæja og þá langt í næstu bjargir.

Þótt mörg þvingunarúrræði og valdheimildir standi lögreglunni til boða við úrlausn ákveðinna verkefna og við rannsókn mála þurfa lögreglumenn í dreifbýli í meiri mæli að notfæra sér félagslega stjórnun (e. informal social control) til að fá sínu framgengt. Aftur á móti

hafa lögreglumenn í þéttbýli fleiri sér til aðstoðar og geta því notað þessar valdheimildir og þvingunarúrræði í meiri mæli (Innes, 2005). Mjúk löggæsla leggur því aðallega áherslu á þrjá þætti, að beita sem minnstu valdi og þvingunum, stuðla að stöðugu og góðu sambandi við samfélagið og geta nýtt sér ákveðna samningstækni (McCarthy, 2014).

Þessi mikla nálægð sem oft er til staðar í litlum samfélögum getur oft reynst lögreglumönnum kostur og hjálpað þeim við sín daglegu störf, hvort sem það varðar aðstoð við ákveðin verkefni eða að fá stöðugt upplýsingaflæði frá fólkinu í samfélaginu (Fenwick, 2015). Einnig geta lögreglumenn þurft að biðja almenning um aðstoð til þess að sinna hinum ýmsum verkefnum og hjálpar það þá að þekkja fólkið og hvernig hægt er að nýta það (Slade, 2012).

Það er ekki óalgengt að lögreglumenn séu einir á vakt við dreifbýlislöggæslu og geti því þurft að sjá um erfiðan vettvang einir meðan beðið er eftir frekari björgum. Sem dæmi um þetta má nefna þegar umferðarslys hafa átt sér stað, en í slíkum tilfellum töldu lögreglumenn það afar mikilvægt að geta nýtt sér óbreytta borgara og umhverfið og að það væri því einstakt hjálpartæki að þekkja bæði svæðið og fólkið (Sun og Chu, 2009).

Einn lögreglumaður í rannsókn Slade (2012) sagðist iðulega nýta sér umhverfið til þess að auðvelda sér starfið. Hann sagði til að mynda frá því þegar hann bað sjómann um aðstoð þegar hann var með handtekinn aðila. Hann fékk þá lánaðan kaðal til þess að binda hinn handtekna við staur og bað sjómanninn um að fylgjast með viðkomandi svo hann gæti rannsakað vettvang afbrotsins betur (Slade, 2012). Ljóst er að dreifbýlislögreglumenn geta þurft að beita ýmsum brögðum og nýta bæði umhverfið og óbreytta borgara þegar ákveðin vandamál steðja að.

### 2.2.2 Samtalstækni

Lögreglumenn sem starfa í dreifbýli þróa oft með sér ýmsar aðferðir til þess að friður ríki innan samfélagsins og að þeir myndi gott samband við það. Sem dæmi má nefna aðferð sem hefur verið kölluð að taka sér hlutverk friðarstillis (e. peacekeepers). Þessi aðferð snýst um að lögreglumaðurinn reynir eftir fremsta megni að stilla til friðar án þess að beita þvingunarúrræðum á borð við sektir eða handtöku. Lögreglumenn beita þessari aðferð líka áður en átök eða deilur, sem gætu stuðlað að glæpum, koma upp í samfélaginu, til dæmis með því að leysa úr erjum milli tveggja einstaklinga áður en grípa þarf til aðgerða af hálfu lögreglu. Þetta geta lögreglumenn gert með einföldum samræðum eða jafnvel með því að gefa einstaklingum áminningu í stað sektar (Huey og Ricciardelli, 2015).

Eins og hefur komið fram skiptir það sköpum fyrir lögreglu í dreifbýli að eiga í góðu sambandi við fólkið í samfélaginu. Ein af þeim fjölmörgu ástæðum, sem skýra hvers vegna það er til bóta, er samningatækni. Lögreglumenn í dreifbýli standa oft frammi fyrir þeim aðstæðum að eina „vopnið“ sem þeir hafa yfir að ráða er að ræða við fólk og þarf þá viðkomandi lögreglumaður að geta beitt ákveðinni samningatækni til þess. Ekki er um að ræða sérþjálfaða samningatæknimenn, heldur einfaldlega ákveðna leikni við að ræða við fólk og fá það til að gera það sem lögreglumaðurinn þarf hverju sinni, án þess að til átaka komi. Þessi leikni, eða tækni, ef svo má að orði komast, nýtist lögreglumönnum í dreifbýli einkum vel í ljósi þess að lögreglumaðurinn þarf að hafa afskipti af fólki í því samfélagi sem hann býr sjálfur í og þekkir vel til. Það er því til hagsbóta bæði fyrir hinn almenna borgara og lögregluna, að geta leyst málin með samræðum (Herbert, 2006).

### 2.2.3 Sjá um sitt eigið öryggi

Ýmsar leiðir eru tiltækar til þess að auka öryggi lögreglumanna í starfi almennt og er það misjafnt hvenær og hvað á best við. Einnig er misjafnt milli landa hvað má í þessum efnum. Ein af umræddum leiðum er notkun búkmyndavéla (e. body-worn camera), sem lögreglumenn bera og taka upp afskipti sín af fólki (White, Todak og Gaub, 2016). Þessar búkmyndavélar þjóna ýmsum tilgangi, til að mynda eiga þær að stuðla að bættum samskiptum lögreglu við almenna borgara og öfugt, draga úr ofbeldi gegn lögreglu og að sama skapi að lögreglan beiti ofbeldi og einnig að tryggja og auka lögmæti lögreglu (Ariel, Farrar og Sutherland, 2015). Bætt samskipti lögreglu og borgara leiða alla jafna til betri samskipta og þá eru töluvert minni líkur á að bæði lögreglumaðurinn og aðilinn sem er verið að hafa afskipti af þori að fara fram úr sér og beita ofbeldi, samanber rannsókn sem Ariel, Farrar og Sutherland (2015) framkvæmdu. Sú rannsókn leiddi í ljós að líkurnar á lögregluofbeldi og ofbeldi gegn lögreglumönnum voru helmingi meiri ef lögreglumaður bar ekki búkmyndavél.

Íslenska lögreglan hefur heimild til þess að bera valdbeitingartæki dagsdaglega og getur þurft að beita þeim í ákveðnum aðstæðum. Hér ber helst að nefna handjárn, kylfu og úðavopn (Reglugerð um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, 1999). Búnaður lögreglumanna virðist auka öryggistilfinningu þeirra töluvert ásamt því að fá góða þjálfun í valdbeitingu og á þann búnað sem þeir bera. Mikill meirihluti íslenskra lögreglumanna telur búkmyndavélar vera til bóta og vilja bera þær við störf. Lögreglumenn telja búkmyndavélar almennt hafa góð áhrif á bæði þá sjálfa og aðra (Ríkislögreglustjórnin, 2016).

Lögreglumenn beita ýmsum aðferðum til þess að auka öryggistilfinningu sína og þeirra sem eru í kringum þá. Einn lögreglumaðurinn í rannsókn Fenwick (2015) talaði um að fjölskylda hans upplifði oft mikið óöryggi og óttaðist um öryggi lögreglumannsins og fjölskyldunnar. Hann talaði um að á tímabili hafi eiginkona hans upplifað mikið óöryggi og fannst hún og fjölskylda þeirra ekki nægilega örugg heima fyrir og þá sérstaklega þegar lögreglumaðurinn var á næturvöktum. Lögreglumaðurinn sagði þá frá því hvernig hann leysti það vandamál að einhverju leyti og það var með því að fá sér gott öryggiskerfi fyrir heimilið. Einnig keypti hann hund fyrir heimilið sem gat þá staðið vörð þær nætur sem hann var ekki heima og konan hans þá sofið betur (Buttle, Fowler og Williams, 2010).

### 2.3 Íslenska lögreglan

Í þessum kafla munum við rýna betur í umhverfi íslensku lögreglunnar. Í fyrstu grein lögreglulaga nr. 90/1996 er greint frá því hvert hlutverk lögreglu Íslands er, sem í stuttu máli er að halda uppi lögum og reglu, tryggja réttaröryggi borgaranna og að stemma stigu við afbrotum (lögreglulög nr. 90/1996). Lögreglustarfið er, eins og hlutverkalýsingin bendir til, mjög fjölbreytt starf sem samanstendur af þjónustu- og öryggisverkefnum. Þó hefur öryggishlutverkið orðið veigameira og stækkað ört á síðustu árum í kjölfar hærri afbrotatíðni (Ríkislögrelustjórinn, 2003).

Lögreglan á Íslandi hefur almennt notið mikils traust frá almenningi ef stuðst er við niðurstöður spurningalistakannana og miðað við önnur lönd. Í kjölfar hrunsins 2008 misstu til dæmis gríðarlega margar ríkisreknar stofnanir traust almennings en traust til lögreglu jókst aftur á móti. Traust almennings til Alþingis og forseta Íslands minnkaði og þrátt fyrir að lögreglan verndaði Alþingishúsið fyrir mótmælendum árið 2008 jókst traust hennar engu að síður. Almennigur virðist hafa gert sér grein fyrir því að lögreglan var einungis að sinna starfi sínu, óháð hennar skoðunum á því sem gekk á og sumir hverjir vernduðu lögreglu fyrir mótmælendum þegar hasarinn var hvað mestur (Tómas Bjarnason, 2014).

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands birti á síðasta ári niðurstöður úr könnun sem tók til viðhorfa til lögreglu, þjónustu og starfa hennar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að mikill meirihluti landsmanna, eða rúmlega 87%, sagðist vera mjög eða frekar sammála því að hann bæri traust til lögreglu og því starfi sem lögreglunni ber að gegna. Einnig voru um 89% landsmanna sem voru sammála þeirri fullyrðingu að lögreglan ynni í þágu almennings (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2018).

Um áramótin 2014 og 2015 urðu einar umfangsmestu breytingar hvað varðar skipulag lögreglu, en þá var lögregluumdæmum fækkað úr 15 í 9. Við þessa fækkun urðu breytingar, þar á meðal stækkuðu einstök umdæmi og samvinna varð enn meiri milli embætta (Lögreglan, 2015). Lögreglan á Íslandi er enn fremur undirmönnuð, ekki síst landsbyggðalögreglan. Lögreglumönnum hefur fækkað á sama tíma og verkefnum hefur fjölgað og álag aukist, ekki síst sökum hins mikla ferðamannastraums (Ríkislögreglustjórinn, 2016).

Árið 2015 taldi ríkislögreglustjóri að starfandi lögreglumenn á Íslandi hefðu átt að vera að lágmarki 840 talsins. Það ár voru hins vegar einungis 653 lögreglumenn starfandi hérlendis, en til samanburðar voru þeir 712 árið 2007. Fækkun lögreglumanna á þessum tíma nam 8,3% á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 7% (úr 307.672 í 329.100). Enn stærra hlutfallslegt skarð var höggvið í raðir lögreglumanna utan höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu (Ríkislögreglustjórinn, 2016). Á þessum sama tíma var ráðist í umfangsmiklar skipulagsbreytingar, lögregluumdæmum fækkað og lögreglulið stækkuð. Þar fyrir utan jókst fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi úr 485.000 árið 2007 í 1.289.140 árið 2015 (Hagstofa Íslands, 2017; Ríkislögreglustjóri, 2016).

Verkefnum landsbyggðalögreglunnar hefur fjölgað í takt við aukinn ferðamannastraum og ber þar hæst fleiri slys og leit að týndu fólki. Aukið starfsálag hefur þar að auki komið niður á almennri löggæslu, forvörnum og frumkvæðisvinnu. Árið 2015 greindi greiningardeild ríkislögreglustjóra frá því að „lögreglan á landsbyggðinni telur sig ekki færa um að halda uppi ásættanlegu öryggisstigi sökum fjárskorts“ (Ríkislögreglustjórinn, 2016). Ekki sér fyrir endann á fjölgun erlendra ferðamanna og spáir greiningardeild Arion banka að fjöldinn verði 2,5 milljónir 2018 (Konráð S. Jónsson, 2016).

Á Íslandi er fjöldinn allur af smærri byggðarlögum eða 74 talsins og nauðsynlegt er að löggæsla sé þar eins og í þeim stærri (Hagstofa Íslands, 2018). Í lok árs 2018 bjuggu 128.780 manns utan höfuðborgarsvæðisins og frá árinu 2016 til 2018 fjölgaði íbúum um 7.280 á landsbyggðinni. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fjölgar íbúum í dreifbýli á milli ára (Hagstofa Íslands, 2017).

Aðeins voru í kringum 250 menntaðir lögreglumenn sem störfuðu á landsbyggðinni árið 2018 og 49 afleysingalögreglumenn, en ekki er vitað hversu hátt starfshlutfall var hjá hverjum og einum. Þessir 250 lögreglumenn deilast þá á dreifbýli, sem eru Norðurland eystra, Norðurland vestra, Austurland, Vesturland, Vestfirðir og Suðurland (Þingskjal nr. 1316/2017-2018). Á Íslandi eru um 74 bæjarfélög og ef við deilum 250 með 74 fáum við út 3,3 sem þýðir að jafnaði eru það þá um það bil þrír menntaðir lögreglumenn sem starfa í hverju bæjarfélagi. Ekki er hægt að segja til með vissu um hversu mikill fjöldi vinnur í hverju bæjarfélagi fyrir sig



og gefur þetta meðaltal ekki raunsanna mynd af stöðunni. Lögreglumenn sem starfa í dreifbýli eru hins vegar ekki margir en þurfa þrátt fyrir það að sinna almennri löggæslu eins og allir aðrir lögreglumenn. Líklega er hluti af ástæðunni fyrir því að afbrotatíðni mælist lægri á landsbyggðinni mikil mannekla og eru afbrot mögulega fyrir vikið síður uppgötvuð og upplýst þar.

Eitt af stærstu vandamálum lögreglunnar á Íslandi er mannekla og kemur það niður á almennri löggæslu, frumkvæðisvinnu og forvarnastarfi. Sú vinna sem lögreglan nær oft ekki að sinna almennilega er vinnan sem oftast upplýsir afbrot. Frumkvæðisvinna lögreglu og almenn löggæsla er mikilvægur liður í að upplýsa stærrí afbrot og til að mynda eru til dæmi um mál þar sem venjulegt umferðareftirlit lögreglu endaði á að upplýsa stórt afbrot.

Til dæmis er það þekkt að framleiðsla fíkniefna hefur færst í auknum mæli út fyrir höfuðborgarsvæðið og að sá brotaflokkur fer vaxandi. Lögreglan hefur ekki náð að sinna frumkvæðisvinnu eins og skyldi og er hægt að rekja það að einhverjum hluta til fjárskorts og manneklu. Sem dæmi er hægt að nefna lögregluna á Austurlandi, þar eru margar hafnir og mjög mikilvægt er að hafa strangt eftirlit með þeim til að koma í veg fyrir hin ýmsu brot, svo sem ólöglegan innflutning, en því eftirliti er mjög ábótavant og er það komið til vegna manneklu (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2015).

## 2.4 Afbrotatíðni á Íslandi

Afbrotatíðni hér á landi er almennt mest á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu voru skráð 437 hegningarlaga brot á hverja 10.000 íbúa árið 2015, til samanburðar voru einungis skráð 71 hegningarlaga brot á hverja 10.000 íbúa á Norðurlandi vestra sama ár (Ríkislögreglustjórinn, 2016). Almennt fjölgar hegningarlaga brotum milli ára bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu 9.335 tilkynningar um hegningarlaga brot árið 2017, sem þýðir að tilkynningum fjölgaði um 8%. Einnig var fjölgun á tilkynningum um kynferðisbrot árið 2017 en þá voru tilkynnt um 140 brot og var það fjölgun um 13% frá árinu áður (Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 2017). Mikilvægt er að til séu gögn hjá lögreglunni á Íslandi um afbrotatíðni til að sjá umfang verkefnanna sem lögreglan er að eiga við en einnig ber að taka svona tölum með ákveðnum fyrirvara þar sem einfaldar breytingar á skráningaratriðum geta skekkt niðurstöður umtalsvert.

Hér á landi hafa verið gerðar brotaþolakanannir til þess að skoða hvort opinber gögn um skráð afbrot séu sambærileg við niðurstöðu kannana. Þessar kannanir sýna að afbrotatíðni á landsbyggðunum á Íslandi er hærri en opinberar tölur sýna fram á. Samt sem áður sýna

kannanir að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til þess að verða fórnarlömb afbrota en þeir sem búa á landsbyggðinni. Einstaklingar sem búa á landsbyggðinni óttast síður afbrot og telja almennt líkurnar á því að verða fórnarlamb afbrota minni en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005).

Gerðar hafa verið nokkrar kannanir hér á Íslandi þar sem almenningur var spurður hvort hann upplifði sig öruggan í sínu bæjarfélagi. Ein könnun var gerð árið 2012 og leiddi í ljós að um 11% svarenda höfðu orðið fyrir afbroti eða þekktu til einhvers sem hafði orðið fyrir afbroti á seinustu 12 mánuðum. Um 84% sögðust upplifa sig mjög örugg eða frekar örugg þegar þau voru ein á gangi seint á kvöldin í sínu bæjarfélagi. Öryggi almennings hér á Íslandi hefur almennt verið svipað milli ára en hefur þó aukist lítillega. Þeir sem óttast mest af öllum afbrot eru konur, eldra fólk og íbúar á höfuðborgarsvæðinu (Jónas Orri Jónasson, 2012).

#### **2.4.1 Eru afbrot öðruvísi og umfang þeirra mismunandi í dreifbýli og þéttbýli?**

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið um lögreglustarfið og afbrot miða nær eingöngu við þéttbýlislöggæslu og situr þar af leiðandi löggæsla í dreifbýfi oft á hakanum og upplýsingar því af skornum skammti um hana (Weisheit, Falcone og Wells, 2006). Ákveðin vakning hefur þó átt sér stað varðandi það að ekki er hægt að yfirfæra allt sem kemur út úr könnunum varðandi þéttbýlislöggæslu yfir á dreifbýlislöggæslu. Oft er mikill munur á umhverfi og samfélagsformgerð í dreifbýli og þéttbýli og hvernig það hefur áhrif á samfélagið og þar af leiðandi á löggæslu. Dreifbýli er að mörgu leyti öðruvísi en þéttbýli og þá sérstaklega ef horft er til þátta sem tengjast lögreglunni. Til að mynda færri íbúar, öðruvísi landslag, nálægð í samfélaginu o.s.frv. Mikilvægt er að horfa á þetta sem tvær hliðar á sama peningnum því samfélagið hefur áhrif á afbrotin og löggæsluna, og skiptir því máli hvort um er að ræða samfélag í þéttbýli eða dreifbýli (Weisheit, Falcone og Wells, 1994).

Fjöl margar kenningar hafa verið settar fram til þess að útskýra samspil samfélagslegra þátta og afbrotatíðni. Shaw og Mckay (1942) settu fram fræga kenningu um félagslega óreiðu (e. social disorganization theory) og töldu að sú kenning gæti útskýrt afbrotatíðni innan samfélaga. Samkvæmt þeirri kenningu var hægt að útskýra tíðni afbrota út frá einkennum samfélaga, til að mynda út frá slæmri efnahagslegri stöðu samfélagsins, mismunandi samsetningu m.t.t. kynþátta og þjóðernis og hreyfanleika innan samfélagsins. Með því áttu þeir við að afbrotatíðni væri almennt hærri þar sem efnahagur væri slæmur, þar sem hreyfanleiki innan samfélagsins væri mikill og mikil fjölbreytni.

Kenningin um félagslega óreiðu var meðal annars þróuð til þess að reyna að útskýra afbrotatíðni í þéttbýli og dreifbýli. Nýlegar rannsóknir hafa prófað kenninguna um félagslega óreiðu í dreifbýli þar sem m.a. var athugað hvort fátækt gæti haft áhrif á ofbeldisbrot í samfélögum (Bouddard og Mutié, 2006). Niðurstöður leiddu í ljós að meiri líkur voru á ofbeldisbrotum í þéttbýli þar sem samfélagið er óstöðugt og þar sem mikil fátækt ríkti. Í samfélagi þar sem færri en 2.500 manns bjuggu virtist fátækt ekki hafa áhrif á fjölda ofbeldisbrota. Því minna sem samfélagið var, þeim mun minni líkur voru á ofbeldisbrotum.

Eins og rætt hefur verið hér að framan er afbrotatíðni almennt lægri í dreifbýli en í þéttbýli og vildu Bouddard og Mutié (2006) meina að sá munur væri meðal annars vegna þess að dreifbýli einkennist oft af frekar einsleitum íbúum og almennt sé meiri félagsleg samheldni í minni samfélögum en þeim stærri. Þessi rannsókn rennir stöðum undir kenningu Shaw og Mckay (2012) um félagslega óreiðu í þéttbýli, en þar sem fátækt í dreifbýli virtist ekki hafa áhrif á tíðni ofbeldisbrota stangast það á við kenningu þeirra að hluta til.

Lögreglan er að miklu leyti háð tilkynningum frá borgurum um afbrot og óreglu. Það að borgarar finni fyrir trausti og vilji tilkynna til lögreglu getur haft mikil áhrif á samfélagið. Ef lögreglan er ekki meðvituð um brot er ekki hægt að rannsaka þau afbrot og er því lögreglan töluvert háð samvinnu við hinn almenna borgara. Ákveðin keðjuverkun á sér stað ef brotamaður er ekki handsamaður og honum refsað, en þá eru meiri líkur á að sá aðili gerist síbrotamaður. Í samfélögum þar sem lítil löggæsla er og mörg afbrot óupplýst hefur það óumflýjanlega áhrif á öryggi almennings og lífsgæðin í samfélaginu (Yoon, 2015).

Hvernig lögreglumaður beitir sér og hvaða aðferðum hann beitir í verkefnum er töluvert háð því hvers kyns samband hann á við samfélagið sem hann starfar í. Fræðimenn hafa til dæmis velt fyrir sér hvort lögreglumenn í dreifbýli myndu bregðast öðruvísi við ákveðnum afbrotum en lögreglumenn í þéttbýli. Þau afbrot sem fengu mestu athyglina í dreifbýli voru umferðarmál, svo sem of hraður akstur, stöðubrot o.s.frv. Einnig eru heimilisofbeldismál talin vera algengari í dreifbýli en raun ber vitni. Í rannsókn sem var gerð á 13.706 atvikum heimilisofbeldis sýna niðurstöður að lögreglan í dreifbýli er líklegri til þess að handtaka árársaðilann en lögreglan í þéttbýli (Payne, Berg og Sun, 2005).

Fíkniefnamál eru einnig talin vera vandamál í dreifbýlislöggæslu, rétt eins og í þéttbýli. Samkvæmt Payne, Berg og Sun (2005) hefur fíkniefnaneysla í dreifbýli aukist mikið og ekki talin vera minni í dreifbýli en þéttbýli, þvert á móti. Erlendar rannsóknir sýna að fíkniefnaneysla ungmenna mælist meiri í dreifbýli en þéttbýli og voru unglingar í dreifbýli taldir líklegri til þess að prufa og neyta ákveðinna tegunda fíkniefna. Til að mynda voru þeir

104% líklegri til þess að neyta amfetamíns, 50% líklegri til þess að neyta kókaíns og almennt líklegri til þess að neyta áfengis (Weisheit, Falcone og Wells, 2006).

### 3. Gögn og aðferðir

Í þessari rannsókn var notast við eigindlega rannsóknaraðferð og voru tekin sex hálfstöðluð viðtöl við lögreglumenn með að minnsta kosti tíu ára starfsreynslu í lögreglunni sem störfuðu eða höfðu starfað við löggæslu í dreifbýli. Viðmælendurnir störfuðu víðs vegar á landinu.

Við notuðumst við eigindlegar rannsóknaraðferðir til þess að fá eins frjálsa frásögn og ítarlegar upplýsingar frá viðmælendum og mögulegt var. Þessi nálgun hentar viðfangsefni rannsóknarinnar hvað best. Viðtöl í eigindlegum rannsóknum snúast um að fá reynslu fólks af ýmsum toga en í þessari rannsókn var leitað eftir reynslu lögreglumanna af dreifbýlislöggæslu.

Í hálfstöðluðum viðtölum fær viðmælandinn svoltíð að ráða förlinni, þar sem hann fær að segja sína skoðun og tjá hugmyndir sínar með eigin orðum og þurfa því spurningarnar að vera opnar. Viðtalið á að vera sem líkast eðlilegum samræðum og er því mikilvægt að viðmælandanum líði sem best í þeirri von að hann opni sig og flæðið verði gott (Helga Jónsdóttir, 2013).

Ekki var leitað eftir tölfræðilegum gögnum frá viðmælendum heldur var markmiðið að varpa ljósi á reynslu og skoðanir hvers og eins og var það því haft að leiðarljósi í viðtölunum. Ekki var lögð fram nein tilgáta sem við ætlum að reyna að styðja heldur notuðum við aðleiðslu (e. induction). Aðleiðsla er það þegar rannsakandi byrjar með ákveðið þema og í þessu tilfelli voru það áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli. Síðan eru gögnin greind út frá túlkun rannsakandans (Esterberg, 2002).

Megindleg aðferðafræði byggist aðallega á tölfræðilegum gögnum þar sem gögnum er safnað og þau síðan greind. Þar er verið að leita eftir meðaltali, dreifingu hópa og staðalfráviki svo eitthvað sé nefnt. Niðurstaðan reynist ekki eins persónuleg og í eigindlegum rannsóknum þar sem rætt er við viðkomandi og ítarlegri gögn fengin (Guðmundur Oddsson, 2014).

Við val viðmælenda notuðum við markvisst úrtak (e. purposive sample). Við gerðum þá kröfu, til þess að fá sem ítarlegust svör við spurningum okkar, að viðmælendurnir hefðu ákveðna þekkingu á viðfangsefninu og reynslu (Esterberg, 2002). Við val á viðmælendum var ákveðið að markvissa úrtakið í að það væru einungis menntaðir lögreglumenn sem höfðu að minnsta kosti 10 ára starfsreynslu. Við vildum að viðmælendur gætu sagt okkur frá þeim áskorunum sem þeir hafa lent í, ásamt því að geta sagt okkur frá þeim bjargráðum sem þeir notast við í starfi við dreifbýlislöggæslu.

Þar sem við erum starfandi lögreglumenn notuðum við tengsl okkar og öfluðum upplýsinga um hverjir væru starfandi í dreifbýli og með 10 ára starfsreynslu. Að lokum settum við okkur í samband við hátt í 20 lögreglumenn með það að markmiði að ná að tala við 5-8

manns. Að endingu voru sex lögreglumenn reiðubúnir að taka þátt í rannsókninni. Viðmælendur fengu send tvönn konar skjöl, annars vegar upplýsingaskjal um rannsóknina og framkvæmd viðtalsins og hins vegar upplýst samþykki (sjá viðauka). Í þeim skjölum komu fram upplýsingar um að fyllsta trúnaðar yrði gætt í gegnum allt ferlið og að viðmælendur yrðu hvorki nafngreindir né hægt yrði að rekja ummæli þeirra á neinn hátt.

Viðmælendur voru karlmenn á fertugs-, fimmtugs- og sextugsaldri og voru starfandi á við og dreif um landið, ekki voru gerðar neinar sérstakar kröfur um kyn viðmælenda, en í ljósi þess hve fáar konur vinna í lögreglunni utan höfuðborgarsvæðisins endaði með því að viðmælendurnir voru allir karlkyns. Ýmist voru viðtöl tekin upp augliti til auglitis með stafrænu upptökutæki eða í gegnum fjarfundabúnað og þá einnig á stafrænt upptökutæki.

Viðtölin tóku frá hálf tíma upp í rúmlega eina klukkustund. Eftir að öll viðtöl höfðu farið fram var unnið með hvert og eitt þeirra. Viðtölin voru einungis vistuð í einni tölvu og síðan var hlustað á hljódupptökurnar og viðtölin skrifuð niður orð fyrir orð. Þegar við vorum búnar að skrifa viðtölin niður var upptökunum eytt. Við rýndum í kjölfarið ítarlega í öll viðtölin og bárum þau saman til þess að finna út hvað þau áttu sameiginlegt og hvað ekki. Síðan drógum við alla helstu þætti viðtalanna saman og fljótt komu í ljós ákveðin þemu.

Þegar viðtölum er að ljúka er mikilvægt að dregin séu saman öll helstu efnisatriðin. Það er gert til þess að loka samræðunum og til að tryggja réttmæti rannsóknargagna. Í lok hvers og eins viðtals var viðmælandi ávallt spurður hvort hann hefði einhverju við að bæta. Tilgangurinn með þessu er að fá viðmælandann til að greina frá hvort hann hefði einhverjar óskir, svo sem ef eitthvað af efninu sem hefði komið fram ætti ekki að koma fram í rannsókninni. Einnig settumst við niður eftir hvert og eitt viðtal og greindum gögnin sem við fengum í hendurnar, hvaða tilfinningar vakti þetta viðtal, hvaða atriði voru áhugaverð og svo framvegis. Þegar viðtölin voru tekin var þess ávallt gætt að túlkun okkar á efninu frá viðmælanda væri rétt og spurðum við í gegnum viðtalið hvort við hefðum réttan skilning á efninu frá viðmælanda (Helga Jónssdóttir, 2013).

## 4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá fimm áhugaverðum þemum sem stóðu upp úr og komu ítrekað fram við greiningu á viðtölunum sex. Fyrstu þrjú þemun fjalla um áskoranir lögreglumanna í dreifbýli en seinustu tvö um bjargráð dreifbýlislögreglumanna.

Fyrsta þemað hefur yfirskriftina „Alltaf á vakt“ en það endurspeglar hvernig lögreglumennirnir upplifðu sig ýmissa hluta vegna stanslaust í vinnunni. Innan þessa fyrsta þema eru nokkrir punktar sem vert er að tæpa á, því þeir eru stór hluti af því að vera „alltaf á vakt“. Komið verður inn á þá félagslegu nálægð sem ríkir í dreifbýli, sem allir viðmælendurnir töluðu um og hvaða kostir og gallar fylgdu slíkri nálægð. Einnig verður farið yfir skort á einkalífi sem flestir viðmælendurnir töluðu um að þeir upplifðu.

Annað þemað fékk yfirskriftina „einn á vakt, langt í næstu bjargir“, en það fangar áskoranirnar sem fylgja löngum vegalengdum, langs viðbragðstíma og það að vera einn á vakt og sjá um ákveðið og oft víðfeðmt landsvæði.

Þriðja þemað endurspeglar „öðruvísi vinnuaðstæður“, en þar er greint frá upplifunum viðmælenda hvað varðar öryggi. Þar verður einnig farið yfir áskorunina sem einskorðast aðallega við dreifbýlislöggæslu, en hún er sú að finnast maður í meira mæli þurfa að reiða sig á sjálfan sig og vinna málin upp á eigin spýtur frá upphafi til enda.

Síðustu tvö þemun flokkast undir bjargráð. Það fyrra fékk yfirskriftina „góð sambönd og samtöl“ og endurómar mikilvægi þess að mynda gott samband við nærsamfélagið og hversu nauðsynlegt það er sem bjargráð að geta átt góð samskipti við fólk og talað það til.

Síðasta þemað er „nota þær bjargir sem í boði eru“ og þar er rýnt í reynslu lögreglumannanna við að nota sér þau bjargráð sem í boði eru hverju sinni og hversu frumlegir þeir þurfa að vera við að nýta sér aðstæður og fólk sér til aðstoðar.

### 4.1 Alltaf á vakt

Allir viðmælendurnir áttu það sameiginlegt að þeim fannst þeir alltaf vera á vakt. Það var margt sem spilaði þar inn í og var það meðal annars vegna þess að allir í nærsamfélaginu þekktu þá sem lögreglumenn, hvort sem þeir voru á vakt í einkennisfatnaði eða óeinkennisklæddir utan vinnu. Einnig töluðu allir viðmælendurnir um að fólk hringdi oft í þeirra einkasíma, hvort sem þeir voru í vinnu, á bakvakt eða í fríi. Einn viðmælandi sagði frá því þegar hann var erlendis í fríi þegar hringt var í hans persónulega farsíma og beðið um lögregluaðstoð og endaði málið þannig að hann leysti það í gegnum farsíma. Annar viðmælandi talaði um að hann fengi hálfger

samviskubít þegar hann væri í fríi og var alltaf viðbúinn útkalli þar sem það gerðist oftar en einu sinni að hann þurfti að sinna verkefnum tengdum vinnunni á hans frídögum.

Einnig töluðu flestir um hvað bakvaktirnar væru erfiðar, tveir viðmælendur lýstu fyrir okkur fjölda vinnutíma sem þeir skila af sér mánaðarlega sökum bakvaktar og var sá fjöldi mikill. Til dæmis sýndi einn viðmælandinn okkur launaseðil sem sýndi klukkustundirnar sem hann hafði skilað í vinnu mánuðinn áður og voru það hátt í 500 klukkustundir. Annar viðmælandi lýsti því hvernig hann fengi samviskubít þegar hann væri í fríi um helgar og endaði því oft á að fara á vakt þar sem hann vissi af undirmönnun á vaktinni. Nokkrir höfðu orð á því að það væri töluvert öðruvísi að starfa í dreifbýli en til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, þar sem lögreglumenn þar gætu stimplað sig út eftir vakt og væru þar með komnir í frí, en lögreglumenn í dreifbýli stimpluðu sig út, en voru í raun ekki komnir í frí, nema þeir hreinlega færu úr bænum. Þetta er samhljóma upplifun lögreglumannanna í rannsókn Slade (2012), en þeim fannst þeir einmitt þurfa að fara úr bænum til að fá almennilegt frí.

Nálægðin sem skapast í dreifbýli býr til ákveðnar hindranir ásamt því að geta verið kostur. Viðmælendurnir greindu frá því hversu strembið það gæti verið þegar allir þekkja mann og þá sem lögreglumann. Einnig fannst þeim það oft krefjandi að hafa afskipti af fólki þar sem það væri oftar en ekki fólk sem þeir þekktu og væri jafnvel skylt þeim, sem svipar til niðurstaðnanna í greininni eftir Sun og Chu (2009).

Það sem þeim fannst þó einna erfiðast var óvissan um að koma að slysi þar sem einhver nákominn hefði slasast. Allir greindu frá því að hafa lent í slíkum aðstæðum einhvern tímann á sínum ferli, en þó misalvarlegum. Einn viðmælandinn sagði frá því þegar vinnufélagi hans kom að alvarlegu slysi þar sem viðkomandi tengdist hinum slasaða og reyndi það, eins og gefur að skilja, verulega á hann og varð hann í því tilfelli að fara af vettvangi.

Þó svo að viðmælandur hafi ekki verið á einu máli um áhrif starfsins á einkalífið kvað meirihlutinn áhrifin neikvæð. Nokkrir lýstu því að þeir væru almennt hættir að fara út á lífið sökum þess að þeir væru alltaf þekktir sem „löggan“ og að fólk væri endalaust að gefa sig á tal við þá til þess að ræða lögreglumál og annað. Fimm af sex viðmælendum töluðu um að þeim fyndist þetta hafa áhrif á einkalíf sitt.

Einn orðaði þetta sem svo að „maður missir ákveðin mannréttindi við að starfa í lögreglunni“ og jafnframt að „maður verður hálfgerð almenningseign“. Hann sagði ástæðuna fyrir því að honum fyndist þetta vera sú að allir þekkja hann og fjölskyldu hans, svo það má lítið út af bregða án þess að það yrði fréttæmt og síðan er nálægðin svo mikil að aðgengið að þeim er mikið. Umræddu ástandi svipar til fiskabúrsáhrifanna sem Huey og Ricciardelli (2015)



töluðu um í sinni grein, en þar er því lýst að lögreglumenn í dreifbýli upplifi sig undir smásjá almennings.

Annar viðmælandinn sagði frá því að honum fyndist sem fjölskylda hans fyndi hvað mest fyrir þessu, kona hans og börn. Ástæðan er sú, að hans mati, að þau væru sett undir sama hatt og hann, áttu að vera fyrirmyndarborgarar og máttu ekkert gera af sér (sbr. Fenwick, 2015). Annar viðmælandinn lýsti sömu áskorun og sagði að þetta væri ekki óalgengt og þetta ætti við um fleiri starfsstéttir, svo sem lækna og presta.

#### 4.2 Einn á vakt, langt í næstu bjargir

Viðmælendur voru allir sammála því að það væri oft og tíðum meira krefjandi að starfa í dreifbýli en þéttbýli og voru ástæðurnar fjölþættar fyrir því. Eins og kom fram í greininni eftir Wooff (2017) töluðu lögreglumenn um það að þeir væru líklegri til þess að starfa einir og á það vel við það sem viðmælendur okkar sögðu. Þeir höfðu allir mikla reynslu af því að vera einir á vakt og voru sammála því að ákveðin áhætta fylgir því þegar lögreglumaður þarf að sinna krefjandi og jafnvel hættulegum verkefnum einn og óstuddur. Þeir voru einnig allir sammála því að þeir þyrftu mikið að treysta á sjálfa sig og eigin reynslu. Einn viðmælenda sagði „þú hefur engan til þess að hringja í nema sjálfan þig“.

Að starfa einn er mikil áskorun að þeirra mati, sumir hverjir töluðu um að starfið gerði þá frekar einangraða og væri jafnvel hægt að segja þessar aðstæður vera „mannskemmandi“. Langt er í næstu lögregluaðstoð eða aðra viðbragðsaðila þar sem næsti aðili sem getur hjálpað getur verið að koma frá nærliggjandi bæjarfélagi sem þýðir að ef lögreglumenn þurfa aðstoð gætu þeir þurft að bíða í allt að 30 mínútur og allt upp í eina til tvær klukkustundir. Það veltur mikið á veðri og vindum og staðsetningu, en eins og gefur að skilja getur viðbragðstíminn verið töluvert lengri yfir vetrartímann.

Fjórir af sex viðmælendum töluðu einnig um að oft og tíðum sæju þeir um stór svæði þegar kemur að dreifbýli og að vegalengdir væru þá helsta áskorun þeirra. Það gæti komið upp að lögreglumaður þyrfti jafnvel að keyra 200 til 350 kílómetra til að sinna útkalli. Líkt og í greininni eftir Fenwick (2015) greindu lögreglumenn frá því að þeir þyrftu að sjá um stór landsvæði, sem fól í sér ýmsar áskoranir eins og langar vegalengdir, lengri viðbragðstíma og langt í næstu bjargir. Einn viðmælenda nefndi einnig að ef hann væri með handtekinn einstakling þyrfti hann, í nánast öllum tilfellum, að fá frekari aðstoð frá öðrum lögreglumönnum úr nærliggjandi bæjarfélögum til að sækja þann handtekna. Ástæðan er sú að hann væri einn á vakt og vildi ekki fara úr bænum þar sem hann væri eini lögreglumaðurinn í

bæjarfélaginu. Svipaðar niðurstöður komu einnig fram í grein Slade (2012) þar sem fjallað er um að lögreglumenn vildu ekki fara úr bæjarfélagi sínu í vondu veðri þar sem þeir hefðu áhyggjur af því að verða strandaglópar utan bæjarins og væri þá enginn lögreglumaður til taks og að vakta bæinn. Til dæmis sagði einn viðmælenda okkar frá því þegar hann þurfti að keyra í 40 mínútur í útkall þar sem tilkynnt var um alvarleg slagsmál og hann einn á vakt og það voru 100 kílómetrar í næstu aðstoð ef þörf væri á henni.

### 4.3 Öðruvísi vinnuaðstæður

Það getur verið erfitt að starfa sem lögreglumaður og margt er sagt við þá eða gert sem aðrir þurfa ekki að heyra eða þola við störf sín, sem getur jafnvel ógnað öryggi þeirra (Buttler, Fowler og Williams, 2010). En lögreglumanninum sjálfum er ekki bara ógnað, heldur getur fjölskyldan einnig orðið fyrir aðkasti. Fjórir af sex viðmælendum höfðu lenti í því að vera hótað illilega og að fjölskyldu þeirra hefði verið hótað. Einn þeirra lenti í því að honum og fjölskyldu hans var hótað limlestingum en sá einstaklingur fékk dóm fyrir hótanir gegn fjölskyldu hans. Þeir töluðu einnig um að fólk segði oft „ég veit hvar þú átt heima“.

Fjórir af sex viðmælendum sögðust ekki hafa orðið fyrir miklu aðkasti dagsdaglega við að starfa í dreifbýli, sumir sögðu það hafa tíðkast meira fyrir mörgum árum og að það væri mun minna eða nánast hætt núna. Einn viðmælandi talaði jafnframt um að hann hafði lenti tvisvar sinnum í því að báðir bílarnir hans hefðu verið rispaðir. Ofangreint kemur heim og saman við grein Buttler, Fowler og Williams (2010) þar sem lögreglumenn sögðust finna fyrir svipuðu, þ.e.a.s. að þeim væri hótað og fjölskyldu þeirra og að það ýtti undir ööryggi í starfi.

Þrír af sex viðmælendum okkar sögðust hafa orðið virkilega hræddir um eigið öryggi í starfi. Þeir greindu frá því að hafa lenti í verkefnum þar sem þeir óttuðust um sitt eigið öryggi og voru ekki vissir um hvernig málið myndi leysast. Einn viðmælandinn orðaði það þannig að „þú veist aldrei hvar þú hefur einstaklinginn sem þú ert að díla við“.

Fjórir af sex viðmælendum sögðu að þegar þeir byrjuðu að starfa í dreifbýli hafi þeim verið hent í djúpu laugina. Einn viðmælandinn sagði að á fyrstu vöktunum hans sem lögreglumanns hafi hann til dæmis þurft í útkall vegna banaslyss. Einnig töluðu viðmælendurnir um að á þeim tíma sem þeir byrjuðu í lögreglunni hafi verið mikið um dansleiki og fólk gerði þá fátt annað en slást. Þegar þeir komu heim eftir fyrstu helgarvaktirnar hefðu þeir hugsað með sér „hvað er ég komin í?“. Síðan voru sunnudagsvaktirnar notaðar til að sauma „spæjana“ aftur á lögreglubúninginn þar sem þeir voru allir sundurtættir og rifnir eftir helgarvaktirnar. Samkvæmt greininni eftir Slade (2012) töluðu lögreglumenn í dreifbýli

um að þeim hefði verið hent í djúpu laugina og að þeir hefðu þurft að axla mikla ábyrgð strax á fyrstu vöktunum.

Allir viðmælendur voru sammála því að þeir þyrftu sem dreifbýlislögglumenn að vinna öll mál frá A til Ö. Þeir töluðu um að þeir þyrftu að sjá um allt frá frumskýrslu upp í rannsókn máls, ljósmyndun og svo framvegis. Þeir töluðu allir um að í þéttbýli væri þetta meiri „færibandavinna“, þ.e.a.s. að þar hefðu lögglumenn fleiri úrræði svo það væri meira um að lögglumaðurinn sæi kannski um að gera frumskýrslu um málið og svo tæki næsti maður við rannsókn málsins o.s.frv. Þetta fannst þeim öllum vera mikil áskorun og gat ýtt undir marga streituvalda.

Margir viðmælendur voru sammála um að það væri mjög krefjandi að starfa einir og að mannekla innan lögglunnar bitnaði hvað mest á löggæslu í dreifbýli, þótt vissulega væri mannekla alls staðar í lögglunni á Íslandi. Einn viðmælandinn sagði að fíkniefnamisferlum hefði fjölgað mikið í sínu bæjarfélagi og sagði þá „hvað á einn gamall karl að gera í svona málum?“. Þetta viðkvæði endurómar skýrslu greiningardeildar ríkislögglustjóra (2015), en í henni er einmitt greint frá því hvað mannekla í lögglunni kæmi niður á almennri löggæslu, frumkvæðisvinnu og forvörnum.

#### 4.4 Góð sambönd og samtöl

Allir viðmælendurnir undirstrikuðu mikilvægi þess að vera góður í að eiga samskipti við fólk. Þeir sögðu það vera sérstaklega mikilvægt og þeirra sterkasta „vopn“ að geta talað við fólk og fengið það þannig til þess að gera það sem þeir vildu. Ástæðan væri sem fyrr segir sú að þeir væru oft einir á vakt og langt í næstu bjargir og gætu því ekki svo auðveldlega staðið í því að vera með „snælduvitlausan“ einstakling einir. Þessi svör voru mjög lík þeim sem komu fram í rannsókn Wooff (2017).

Þrjár af sex viðmælendum okkar sögðust hafa reynslu af því að starfa í þéttbýli og þeir hefðu því ákveðinn samanburð. Þeir sögðu að það reyndi mun meira almennt á þá að starfa í dreifbýli, til að mynda vegna þess að þeir nota ákveðna sálfræði og eyða umtalsvert meiri tíma í að tala við fólk, bæði til að hugga það eða til þess að fá það til að gera það sem þeir vildu og þurftu.

Einn viðmælandinn hafði skemmtilega sögu að segja. Eitt sinn þurfti hann að hafa afskipti af Spánverjum og sagði hann þá hafa furðað sig á búnaði hans og spurt hann að lokum hvar byssan hans væri, en viðmælandinn sagði þeim að íslenska lögglan bæri ekki skotvopn við almenn störf. Hann sagði að Spánverjarnir hefðu orðið mjög hissa á því og spurt hann hvað

hann notaði þá eiginlega. Hann sagðist þá hafa bent á munninn á sér og sagst nota hann langtum mest, til að ræða við fólk. Spánverjunum fannst það undarlegt, en þó algjörlega til fyrirmyndar.

Allir töluðu um hversu mikilvægt það væri að þekkja fólk í samfélaginu vel og rækta gott samband við það og geta þar með nýtt sér það í starfi. Allir töluðu einnig um að þeir hefðu oftast afskipti af fólk sem þeir annaðhvort þekktu eða myndu hitta úti í búð eftir vakt eða í pottinum í sundlauginni. Ekki síst vegna þessa, lögðu þeir sig alla fram við að vera kurteisir og sanngjarnir í samskiptum til að fólk færi almennt sátt út frá þeim. Fimm af sex viðmælendum sögðust almennt telja fólk kunna að meta störf þeirra og gera sér grein fyrir því að þeir væru bara að vinna sína vinnu. Sumir sögðust oft hafa lent í því að fólk kæmi daginn eftir og bæði þá afsökunar á hegðun sinni. Þeim fannst þetta vera ákveðin staðfesting á að þeir hefðu skilað vinnu sinni ágætlega frá sér.

#### **4.5 Nota þær bjargir sem í boði eru**

Allir viðmælendurnir voru sammálu um að áskoranir fælust í því að vinna einir og einkum þegar þeir væru einir í stærri verkefnum eða að sjá um stóra og erfiða vettvangi. Einn sagðist oft nýta sér vegalengdirnar, sem oftast voru ókostur í hans starfi, sem ákveðið bjargráð. Hann sagðist nýta sér þann tíma sem það tæki fyrir hann að koma sér á staðinn þegar hann væri að fara í verkefni til þess að undirbúa sig andlega. Hann sagði það oft mikinn kost að geta tekið nokkrar mínútur til þess að hugsa um hvað hann væri að fara í og hvernig hann ætlaði að leysa verkefnið. Viðmælendurnir sögðu þó að samstarfið milli embætta hjá lögreglunni væri orðið mjög gott og aðstoð víðs vegar oft fljót að berast ef óskað væri eftir henni. Það væru þó alltaf a.m.k. nokkrar mínútur í bið, mismargar eftir staðsetningu og svo væru einhver verkefni sem þeir væru einir í og þá gætu þessar aðstæður verið mjög krefjandi.

Fimm af sex viðmælendum töluðu um að þeir hefðu lært með árunum að nýta sér bæði umhverfið og fólk þegar þeir gátu. Sem dæmi um þetta má nefna umferðarslys, en við slíkar aðstæður sögðust viðmælendurnir ekki hika við að úthluta gulum vestum merktum lögreglunni til almennra borgara og fá þá til að stjórna umferð. Einn viðmælandinn sagði frá því að þar sem hann ynni nánast alltaf einn væri hann búinn að útbúa sér tösku sem hentaði honum vel í slysum. Þessi taska var allt sem hann þurfti til að sinna fyrstu hjálp og stjórna vettvangi. Í henni voru til dæmis gul vesti, sjúkrakassi, blá blikkandi ljós sem hann pantaði sjálfur til að geta kastað á víð og dreif um vettvanginn til viðvörunar og margt fleira. Hann sagði þetta bara vera ákveðin bjargráð sem hann hefði lært í gegnum árin að hjálpuðu honum „því þegar maður er

einn getur maður ekki gert allt í einu, og þú þarft þar af leiðandi svolítið að fara þínar eigin leiðir“.

Fyrr í ritgerðinni var fjallað um bókmyndavélar og nokkrir viðmælenda okkar töluðu um það hversu mikil hjálp það var fyrir þá þegar þær komu til sögunnar og einn lýsti þeim sem „gríðarlegu hjálpartæki“ fyrir þá sem starfa einir. Einn greindi meira að segja frá því að áður en embættin voru farin að kaupa þær til notkunar sagðist hann hafa keypt eina bókmyndavél á eigin kostnað þar sem hann sá hvað þær reyndust lögreglumönnum vel erlendis. Hann sagði myndavélina hafa hjálpað sér gríðarlega mikið í málum, bæði til að fá fólk til að haga sér betur við afskipti af þeim en líka vegna gagnaöflunar í málum. Hann sagði til dæmis frá máli sem hann þurfti að sinna frá upphafi til enda, en það hafi varðað alvarlegt kynferðisbrot. Í þessu tilfalli kom bókmyndavélin að virkilega góðum notum við rannsókn málsins, en þá voru til upptökur af vettvangi, öllum hans samskiptum, bæði við brotaþola og geranda og mörgu öðru. Þessar niðurstöður eru samhljóma niðurstöðum úr ársskýrslu ríkislögreglustjóra (2016).

## 5. Umræður og samantekt

Í þessari ritgerð var lagt upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu: „Hverjar eru helstu áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli?“ Þessa spurningu höfðum við að leiðarljósi í okkar rannsókn og til hliðsjónar í gegnum allt ferlið. Til að svara spurningunni rýndum við í fjöldann allan af fræðigreinum og einnig tókum við viðtöl við sex starfandi lögreglumenn sem hafa reynslu af því að starfa í dreifbýli. Við beittum eigindlegri rannsóknaraðferð og hálf-stöðluðum viðtölum með það að leiðarljósi að frásögn viðmælanda væri frjáls og svörin óhindruð og ekki þvinguð.

Fyrri rannsóknir á dreifbýlislöggæslu sem framkvæmdar hafa verið utan landsteinanna bera með sér svipaðan keim og niðurstöður þeirra eru áþekkar. Það sem stendur helst upp úr téðum rannsóknum er hvað áskoranirnar lögreglumanna sem starfa í dreifbýli þurfa hvað mest að glíma við eru svipaðar milli landsvæða. Þrátt fyrir að dreifbýli sé jafn misjafnt og staðirnir eru margir virtust áskoranirnar og bjargráð oft á tíðum vera þau sömu. Þar af leiðandi virtist hvorki landslag, stærð umdæmis né fjöldi íbúa vega þungt ef um dreifbýli var að ræða (sjá t.d. Fenwick, 2015).

Eftir að hafa tekið viðtölin fyrir okkar rannsókn var ljóst að svör viðmælanda bera að svipuðum brunni. Viðmælendur okkar greindu frá þeim fjölmörgu áskorunum sem fylgja starfi lögreglumanna í dreifbýli og þeim bjargráðum sem þeir höfðu tileinkað sér í gegnum tíðina og voru þau mjög svipuð milli umdæma.

Ísland er afar dreifbýlt land eins og fram hefur komið og landslag og aðstæður við störf því mjög mismunandi. Til að mynda eru eflaust töluvert öðruvísi aðstæður að starfa á Þórshöfn miðað við dreifbýli nálægt höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir þessar breytilegu aðstæður milli dreifbýlissvæða á Íslandi var áberandi í viðtölum okkar að áskoranirnar og bjargráðin voru ansi svipuð á milli viðmælanda. Þar af leiðandi voru niðurstöður okkar afar áþekkar þeim sem gerðar hafa verið erlendis og birtust okkur í þeim fræðigreinum sem við kynntum okkur.

Margsinnis birtist það okkur bæði í erlendum fræðigreinum og okkar viðtölum að það væri mikil áskorun að vera lögreglumaður í litlu bæjarfélagi (t.d. Mawby og Yarwood, 2011). Viðmælendur okkar greindu til að mynda frá áskorunum sem reyndu á sjálfstæði þeirra og einkalíf. Einnig skipaði stóran sess hve nálægðin við nærsamfélagið var mikil sem olli því að lögreglumaðurinn var þekktur í sínu samfélagi og upplifði sig þá stöðugt undir smásjá almennings. Sú nálægð gat haft í för með sér ákveðna félagslega einangrun. Ýmsir viðmælendur, bæði í okkar rannsókn og í erlendum rannsóknum, sögðust til dæmis almennt

vera hættir að fara út að skemmta sér vegna áreitis sbr. rannsókn Weisheit, Wells og Falcone (1994).

Einnig var mikill samhljómur um að lögreglumenn í dreifbýlislöggæslu upplifðu að þeim hefði verið „fleygt í djúpu laugina“ þegar þeir hófu fyrst störf. Þessi eldskírn reyndi mikið á og varð þess valdandi að þeir lærðu fljótt að þeir hefðu engan annan til að treysta á nema sjálfa sig. Þetta var vegna þess að þeir störfuðu margir hverjir mestmegnis einir, eða þá að úrræðin voru ekki mörg og langt í næstu bjargir. Áþekkar niðurstöður komu fram í fræðigreini eftir Fenwick, 2015.

Við fengum ítarlegri og fleiri tiltekin dæmi um bjargráð í viðtölum okkar en í þeim erlendu rannsóknum sem við skoðuðum, en þar reyndust bjargráðin ekki jafn sýnileg og áskoranirnar. Við fengum jafnframt margar áhugaverðar reynslusögur frá viðmælendum okkar, sem leiddu í ljós ýmis bjargráð sem þeir höfðu nýtt og tileinkað sér. Reynslusögurnar tæptu á ýmsu, allt frá mikilvægi búkmyndavélarinnar yfir í það að eiga gott samband við fólk í samfélaginu. Margir töluðu um mikilvægi þess að nýta sér þá tækni sem þeir hafa yfir að ráða, líkt og búkmyndavélarinnar. Þær virtust reynast vel í erfiðum málum þar sem miklum upplýsingum og gögnum þurfti að safna sem gæti reynst einum lögreglumanni erfitt þegar hann þarf að sjá um málið nánast einn.

Það sem kom hins vegar langskýrast fram í okkar rannsókn, var mikilvægi þess að eiga gott samband við samfélagið og geta talað við fólk. Það skiptir ekki aðeins máli að vera fær í mannlegum samskiptum heldur reyndist það vera afar mikilvægt að geta beitt ákveðinni aðferð eða tækni sem lögreglumennirnir tileinkuðu sér til þess að geta rætt við fólk í hvaða aðstæðum sem var. Þetta sögðu þeir skipta miklu máli, því þeir þyrftu oft að leysa verkefni einir og gætu ekki fengið aðstoð eins fljótt og best væri á kosið. Þá þyrftu þeir að geta stillt sig inn á hvaða aðstæður sem þeir lentu í og lesa fólk vel til þess að geta farið á sama plan og það og leyst friðsamlega úr þeim aðstæðum.

Niðurstöður okkar rannsóknar benda til þess að það er margt sem mætti betur fara þegar kemur að dreifbýlislöggæslu en ekkert sem bendir til þess að við séum að „finna upp hjólið“. Til að mynda er það nokkuð ljóst að fjölgun lögreglumanna í dreifbýli væri til hins betra, líkt og annars staðar. Einnig þyrfti að leggja meira fé almennt í lögregluna og þá sérstaklega til þess að draga úr þeirri manneklu sem er til staðar, sem myndi í kjölfarið leiða af sér meiri og betri frumkvæðisvinnu.

Þá er það öllum til bóta að átta sig betur á því starfi sem lögreglan gegnir, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða í dreifbýli. Einnig myndi það hjálpa verðandi dreifbýlislögreglumönnum ef lögð yrði meiri áhersla á dreifbýlislöggæslu í námi

lögreglumanna. En þar sem upplýsingar um dreifbýlislöggæslu eru af skornum skammti er mikilvægt að efla þá þekkingu svo hægt sé að vinna að úrbótum á þeim hindrunum sem afmarkast við dreifbýlislöggæslu. Mörg hver verkefni einskorðast við dreifbýlislöggæslu og eru því óþekkt í þéttbýlislöggæslu.

Ef við hefðum haft nægan tíma og fjárráð hefðum við viljað taka mun fleiri viðtöl og fara í öll dreifbýli lögregluumdæmi á Íslandi til þess að fá frásagnir frá eins breiðum og fjölbreyttum hópi og hægt væri. Þá hefðum við getað farið enn ótroðnari slóðir og tekið viðtöl við fleiri aldurshópa og einnig konur. En ástæða þess að engar konur fengust í viðtöl er einfaldlega sú að mun meira er um karlmenn sem starfa í dreifbýlislöggæslu og hvað þá með 10 ára starfsreynslu. Við hefðum einnig viljað hafa stærra teymi með okkur í það verkefni með mismunandi þekkingu, sem hefði skilað okkur enn skýrari mynd af stöðu dreifbýlislöggæslu á Íslandi. Ef við hefðum getað framkvæmt slíka rannsókn hefði það varpað enn betra ljósi á það sem má betur fara varðandi dreifbýlislöggæslu.

Þessi rannsókn og ritgerðarskrif gáfu okkur betri skilning á því hvernig það virkilega er að starfa sem lögreglumaður í dreifbýli. Við sem starfandi lögreglumenn munum svo sannarlega geta nýtt okkur þessa vitneskju í okkar starfi í framtíðinni. Við vonumst til þess að þetta sé aðeins dropi í hafið hvað varðar rannsókn á dreifbýlislöggæslu og að þetta verði kannað og rannsakað enn frekar í framtíðinni. Rannsóknir af þessum toga geta aukið skilning fólks á störfum lögreglu í dreifbýli og ítrekað mikilvægi þeirra. Í ljósi þess hversu krefjandi starfið er, var mjög áhugavert og aðdáunarvert að sjá hversu vel viðmælendur tókust á við hin ýmsu verkefni, oft og tíðum einir.



## Heimildaskrá

- Barclay, E. Donnermeyer, J. og Jobes, P. (2004). The dark side of Gemeinschaft: Criminality within Rural Communities. *Crime prevention and Community Safety*, 6(3), 7-22. <https://doi.org/10.1057/palgrave.cpcs.8140191>.
- Bayley, D. H. (2016). The Complexities of 21st Century Policing. *Policing: A Journal of Policy and Practice*, 10(3), 163-170. <https://doi.org/10.1093/police/paw019>.
- Bouffard, L. A. og Muftić, L. R. (2006). The “Rural Mystique”: Social Disorganization and Violence beyond Urban Communities. *Western Criminology Review*, 7(3), 56-66.
- Brian, K., Payne., Bruce, L., Berg., Ivan, Y., Sun. (2005). Policing in small town America: Dogs, drunks, disorder, and dysfunction. *Journal of criminal justice*, 33(1), 31-41. doi:10.1016/j.jcrimjus.2004.10.006.
- Buttler, J., Fowler, C., & Williams, M. W. (2010). The Impact of Rural Policing on the Private Lives of New Zealand Police Officers. *International Journal of Police Science & Management*, 12(4), 596–606. <https://doi.org/10.1350/ijps.2010.12.4.202>.
- Buvik, K. (2014). The hole in the doughnut: a study of police discretion in a nightlife setting. *Policing and Society*, 26(7), 771-788. <https://doi.org/10.1080/10439463.2014.989157>.
- Ceccato, V., & Dolmen, L. (2011). Crime in rural Sweden. *Applied Geography*, 31(1), 119-135.
- Cecilie Høigard. (2011). Policing the North. *Crime and justice*, 40(1), 265-248. <https://doi.org/10.1086/659840>.
- Clifford R. Shaw, Henry D. McKay, Norman S. Hayner, Paul G. Cressey, Clarence W. Schroeder, T. Earl Sullenger, Earl R. Moses, Calvin F. Schmid. (1943). Juvenile Delinquency and Urban Areas: A Study of Rates of Delinquents in Relation to

- Differential Characteristics of Local Community in American Cities. *American journal of sociology*, 49(1). 100-101. <https://doi.org/10.1086/219339>.
- Charles, T. M. (2000). *Police Training-Breaking all the rules*. Springfield: Charles C Thomas Publisher, LTD.
- Cristopher, S. (2015). The Police Service Can Be a Critical Reflective Practice... If it wants. *Policing: A Journal of Policy and Practice*, 9(4), 326-339.
- Drakeford, M. (1999). Reviews : Crime and Conflict in the Countryside Dingwall, G. and Moody, S.R. (eds) University of Wales Press, 1999; pp210; £40.00, hbk. *Probation Journal*, 46(4), 278–278. <https://doi.org/10.1177/026455059904600423>.
- Ellison, Katherine W. & Genz, John L. (1983). *Stress and the police officer*. Springfield, Ill., U.S.A : C.C. Thomas.
- Esterberg, Kristin G (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw-Hill, Boston.
- Fenwick, T. (2015). Learning policing in Rural Spaces: ‘Covering 12 foot rooms with 8 foot carpets’. *Policing*, 9(3) 234-241. doi:10.1093/police/pav015.
- Fenwick, T., Dockrell, R., Roberts, I., og Slade, B. (2012). Rural policing: understanding police knowledge and practise in rural communities. *Annual report 2011*. Dundee: Scottish Institute for Policing Reserch.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2018). *Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum almennings til þjónustu og starfa lögreglunnar*. Sótt af [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/12/Rikislogreglustjori\\_2018\\_Thjounustuhluti\\_19.11.2018.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/12/Rikislogreglustjori_2018_Thjounustuhluti_19.11.2018.pdf).
- Guðmundur Oddsson. (2014). *Encyclopedia of Social Deviance Quantitative Methods in Studying Deviance*. <http://dx.doi.org/10.4135/9781483340470.n230>.

Graziano, L. M., og Gauthier, J. F. (2018). Media consumption and perceptions of policy legitimacy. *Policing: An International Journal*, 41(5). 593-607. doi:10.1108/IJPSM12-2016-0177.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra. (2015). *Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi*. Sótt af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/09/Skipul%C3%B6g%C3%B0-gl%C3%A6pastarfsemi-mat-GRD-september-2015.pdf>.

Hagstofa Íslands. (2018, 28. mars). Landsmönnum fjölgar um 3%. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-1januar-2018/?fbclid=IwAR1FevNAEASzX43Drk2ST5qXbrIYPmC8L6eoQmdTdZbcygfFyYuIq8eINLw>.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2018. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_arsfjordingstolur/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=9ca6545e-5ecd-4223-abc4-951a487a9530](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__arsfjordingstolur/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=9ca6545e-5ecd-4223-abc4-951a487a9530).

Hagstofa Íslands. (e.d.). Lykiltölur mannfjöldans 1702-2019. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00000.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00000.px/).

Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri) *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Herbert, S. (2006). *Citizens, Cops and Power: Recognizing the limits of community*. Chicago: University of Chicago Press.

Huey, L. og Ricciardelli, R. (2015). 'This isn't what I signed up for': When police officers role expectations conflict with the realities of general duty police work in remote

communities. *Police science & management*, 17(3), 194-203.

Innes, M. (2005). Why 'Soft' Policing is Hard: On the Curious Development of Reassurance Policing, How it Became Neighbourhood Policing and What This Signifies About the Politics of Police Reform. *Journal of Community & Applied Social Psychology*, 15(3), 156-169. <http://dx.doi.org/10.1002/casp.818>.

Jónas Orri Jónasson. (2012). Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi?. *Íslenska Þjóðfélagið*, 3, 77-92.

Kolbeinn Árnason og Ingvar Matthíasson. (2009). OORI NE- Landflokkun á Íslandi 2000 og 2006. Sótt af <https://www.lmi.is/wp-content/uploads/2011/09/corineskyrsla.pdf>.

Konráð S. Jónsson. (2016). *Er Ísland uppselt? Staða og horfur í ferðaþjónustu á málþingi um sveitarfélög og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Greiningardeild Arion banka.

Lögreglulög nr. 90/1996.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. (2017). *Afbrotatölfræði fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2017*. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík. Sótt af <https://www.logreglan.is/afbrotatolfraedi-fyrir-hofudborgarsvaedid-arid-2017-kominut-metfjoldi-umferdarlagabrota-arid-2017/>.

Lögreglan. (2015, mars). *Umdæmin*. Sótt af <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/>.

Mawby, R. (2012). Rural Policing and Policing the Rural: A Constable Countryside. *Geographical research*, 50(3), 11-22. doi:10.1111/j.1745-5871.2011.00719.x.

Mawby, R., og Yarwood, R. (2011). *Rural Policing and Policing the Rural: A constable countryside?* Farnham: Ashgate Publishing Limited.

McCarthy, D. J. (2014). *“Soft” policing: The collaborative control of anti-social behaviour*. New York: Palgrave Macmillan.

- Meagher, M. (1985). Police Patrol Style: How Pervasive is Community Variation?. *Journal of Police Science and Administration*, 13, 36–45.
- Newburn, T., og Reiner, R. (2007). „Policing and the Police“. Í Maguire, M., Morgan R., og Reiner, R. (ritstjóri), *The Oxford Handbook of Criminology*, 4. útg. (bls. 910-952). Oxford: Oxford University Press.
- OECD. (2011). *OECD regional typology*. Sótt af [https://www.oecd.org/cfe/regional-policy/OECD\\_regional\\_typology\\_Nov2012.pdf](https://www.oecd.org/cfe/regional-policy/OECD_regional_typology_Nov2012.pdf).
- Prenzler, T. (2012). Policing and Security in Practice. doi:10.1057/9781137007780.
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotápolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Sótt af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Brota%C3%BEolar-l%C3%B6g-reglan-og-%C3%B6ryggi-borgaranna-%C3%BAtg.-2005.pdf>.
- Reglugerð um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna (1999).
- Ríkislögreglustjórinn. (2003). *Ágrip af sögu lögreglunnar [bæklingur]*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn.
- Ríkislögreglustjórinn. (2016). *Afbrotatölfræði*. Sótt af [http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Helstu-ni%C3%B0urst%C3%B6ur\\_Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2015.pdf](http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Helstu-ni%C3%B0urst%C3%B6ur_Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2015.pdf).
- Ríkislögreglustjórinn. (2016). *Árskýrsla 2016*. Sótt af [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/06/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2016-8.6\\_LOKA.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/06/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2016-8.6_LOKA.pdf).
- Ríkislögreglustjórinn. (2018). *Árskýrsla 2017*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/08/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2017.pdf>.
- Roberg, R., Crank, J., og Kuykendall, J. (2000). *Police and Society*. Los Angeles, CA:

Roxbury

Sameinuðu þjóðirnar. (2017). Iceland: Country Profile. Sótt af <http://data.un.org/CountryProfile.aspx?crName=ICELAND>.

Seokhee Yoon. (2015). *Why do victims not report?: The influence of police and criminal justice cynicism on the dark figure of crime*. (doktorsritgerð, Háskólinn í New York).  
Sótt af [https://academicworks.cuny.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2209&context=gc\\_etds](https://academicworks.cuny.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2209&context=gc_etds).

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Slade, B. (2012). Professional learning in rural practice: a sociomaterial analysis. *Journal of Workplace Learning*, 25(2), 114-124.

Smith, R. (2010). Policing the changing landscape of rural crime: a case study from Scotland. *International Journal of Police Science & Management*, 12(3), 373-387.

Sun, I, Y., og Chu, D, C. (2009). Rural V Urban Policing: A Study of Taiwanese Officers' Occupational Attitudes. *The Police Journal*, 82, 222-246.

Tómas Bjarnason.(2014). Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnámálanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska Þjóðfélagið*, 5(2), 19-38.

Yarwood, R., & Gardner, G. (2000). Fear of Crime, Cultural Threat and the Countryside. *Area*, 32(4), 403-411. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/20004102>.

Þingskjal nr.1316/2017-2018. Dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um lögreglumenn.

Þóroddur Bjarnason. (2015, 18. nóvember). Af hverju er það vandamál að íbúum landsbyggðarinnar fari fækkandi? Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=70980>.

Waddington, P. A. J. and Wright, M. (2010). *What is policing?* United Kingdom: Sage Publications Ltd.

Weisheit, R, A., Falcone, D, N., og Wells, L, E. (2006). *Crime and Policing in Rural and Small-Town America, third edition*. Illinois: Waveland Press, Inc.

Weisheit, R, A., Falcone, D, N og Wells, L, E. (1994). *Rural Crime and Rural Policing*. Sótt af [http://cdn.preterhuman.net/texts/law/national\\_institute\\_of\\_justice/rural\\_crime\\_and\\_policing.pdf?fbclid=IwAR1febAVeHkUzYkqm7acd-RjLKOBRSu2zOQ1\\_rHPkeT2TL6cU0S336bycU](http://cdn.preterhuman.net/texts/law/national_institute_of_justice/rural_crime_and_policing.pdf?fbclid=IwAR1febAVeHkUzYkqm7acd-RjLKOBRSu2zOQ1_rHPkeT2TL6cU0S336bycU).

Woff, A. (2015). Relationships and responses: Policing anti-social behavior in Scotland. *Journal of Rural Studies* 39, 278-286. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2014.11.003>.

Wooff, A. (2017). 'Soft' Policing in Rural Scotland. *Policing: A Journal of Policy and Practice*, 11(2), 123- 131. <https://doi.org/10.1093/police/paw031>.

## Viðauki 1

### Alltaf á vakt: Áskoranir og bjargráð lögreglumanna í dreifbýli

#### LEIÐBEININGAR

Rannsakendur verða að hafa viðtalsramma fyrir hálfstöðluð viðtöl. Þetta skjal inniheldur viðtalsramma og leiðbeiningar vegna hálfstaðlaðra viðtala við lögreglumenn í dreifbýli. Byrjað er á leiðbeiningum um hvernig á að styðjast við rammann.

Rannsakendur þurfa að hafa í huga að viðtalsramminn er sveigjanlegur. Hægt er að aðlaga hann, ef nauðsyn krefur, viðfangsefnunum sem viðkomandi vill skoða nánar, viðmælandanum o.s.frv.

Ramminn hefst á „Kynningu“, sem auðvelt er að aðlaga, þar sem rannsakandinn kynnir sig og minnir viðmælandann á viðfangsefni viðtalsins. Með þessum hætti veit viðmælandinn nákvæmlega hverjar væntingar rannsakandans eru.

Næsti hluti inniheldur aðalhluta viðtalsrammans, þ.e.a.s. spurningarnar. Fyrirsagnirnar og spurningarnar gefa til kynna hvaða viðfangsefni á að fanga í hvert sinn og mögulegar spurningar. Spurningunum er skipt í þrjá flokka: „Almennt“, „Helstu áskoranir“ og „Helstu bjargráð“.

Ólíkt lokaðri spurningalistakönnun þurfa rannsakendur ekki að spyrja allra spurninganna í viðtalsrammanum. Þess í stað styðjast þeir við rammann eftir þörfum. Mikilvægast er að 1) hvetja viðmælandann til þess ræða helstu áskoranir viðkomandi sem lögreglumanns í dreifbýli og 2) fá upplýsingar um hvaða bjargráð viðkomandi notar í starfi og einkalífi til þess að bregðast við umræddum áskorunum. Megintilgangurinn er að fá upplýsingar um í hverju helstu áskoranirnar felast, hvernig lögreglumenn bregðast við þeim og hversu vel virka þessi bjargráð?

Til þess að láta viðtalið flæða betur er gott að draga saman viðfangsefni áður en haldið er áfram (þ.e. draga saman hvað viðkomandi sagði um áskoranir áður en farið er í bjargráð). Auðvitað skarast þessir hlutar að stórum hluta. Spyrja skal aðalspurninganna eftir að viðfangsefni er kynnt. Í öllu falli þarf rannsakandinn að velja spurningar og röð þeirra eftir aðstæðum.

Rannsakandi spyr spurninga til skýringar ef honum finnst vanta ítarlegri lýsingu.

Rannsakendur verða að hafa nokkrar mismunandi útgáfur af spurningunum í huga til þess að geta hvatt viðmælandann til þess að tala og svo halda megi viðtalinu áfram.

Ef viðmælandi á í erfiðleikum með að svara, getur spyrjandi komið með dæmi, en spyrjandinn má ekki leggja viðkomandi orð í munn eða leggja til svör.

Lokahlutinn miðar að því að ljúka viðtalinu og leggur til tvær spurningar með þetta í huga.

Markmiðið er að ganga úr skugga um að búið sé að kafa ofan í þau viðfangsefni sem stefnt var að. Ekki vita allir viðmælendur um öll viðfangsefnin en það er mikilvægt að ná að koma inn á sem flest í hverju viðtali.

#### **Inngangur: Kynning**

Góðan daginn, ég/við heitum \_\_\_\_\_ og við erum að vinna að rannsókn á helstu áskorunum og bjargráðum lögreglumanna í dreifbýli í tengslum við lokaverkefni okkar í BA-námi í lögreglu- og löggæslufræði við Háskólann á Akureyri. Með þetta að markmiði tökum við viðtöl við starfandi lögreglumenn víðs vegar um landið.

Í viðtali okkar, munum við aðallega spyrja þig um eftirfarandi atriði: Helstu áskoranir þínar sem lögreglumanns í dreifbýli og helstu bjargráð þín við að glíma við umræddar áskoranir.



## Spurningar

### Almennt

1. Hvaða stöðu gegnir þú innan lögreglunnar og hversu lengi hefur þú starfað sem lögreglumaður?
2. Hvernig kom það til að þú fórst að starfa sem lögreglumaður?
3. Hvað var það sem dró þig að lögreglustarfinu og hvaða væntingar hafðir þú til starfsins?
4. Hvernig voru fyrstu kynni þín af heimi lögreglunnar?
5. Hvernig er það að vinna sem lögreglumaður á/í \_\_\_\_\_?
6. Að hvaða leyti telur þú að það sé öðruvísi að vinna sem lögreglumaður á/í \_\_\_\_\_ en á höfuðborgarsvæðinu?

### Helstu áskoranir

Aðalspurning	Aukaspurning	Til skýringar
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur þú sagt okkur hverjar eru helstu áskoranir þínar sem lögreglumanns á þessum stað?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvernig/hvenær áttar þú þig á því að þetta væri jafn mikil áskorun og raun ber vitni?</li> <li>• Af hverju er þetta áskorun?</li> <li>• Hvernig birtist þessi áskorun aðallega? Í vinnu? Í einkalífi?</li> <li>• Hversu mikið vandamál er þetta raunverulega?</li> <li>• Hvernig útskýrir þú þessa áskorun (orsök og afleiðingar)?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur þú útskýrt nánar?</li> <li>• Er eitthvað annað sem þú getur bætt við?</li> <li>• Getur þú gefið okkur dæmi?</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvaða áskorun er erfiðust?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Af hverju?</li> </ul>	

**Helstu bjargráð**

<b>Aðalspurning</b>	<b>Aukaspurning</b>	<b>Til skýringar</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvaða bjargráð notar þú til þess að glíma við _____?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvernig/hvenær áttar þú þig á því að þetta heppilegt bjargráð?</li> <li>• Hvernig notar þú þetta bjargráð?</li> <li>• Hversu vel virkar þetta bjargráð?</li> <li>• Hvaða bjargráðum vildir þú hafa yfir að ráða en hefur ekki?</li> <li>• Hvernig finnst þér að hlutunum ætti að vera háttað?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur þú útskýrt nánar?</li> <li>• Er eitthvað annað sem þú getur bætt við?</li> <li>• Getur þú gefið okkur dæmi?</li> </ul>
<b>Lok viðtals</b>		
Eru einhverjar aðrar sérstakar áskoranir og/eða bjargráð sem við höfum ekki rætt sem þér finnst rétt að komi fram?		

## Viðauki 2

### **Alltaf á vakt: Áskoranir og bjargráð lögreglumanna í landsbyggðunum**

Þér er boðið að taka þátt í rannsókn sem felst í viðtölum við starfandi lögreglumenn í landsbyggðunum á Íslandi. Rannsóknin tengist lokaverkefni Sifjar Þórisdóttur og Rebekku Rúnar Sævarsdóttur í BA-námi þeirra í lögreglu- og löggæslufræði og rannsóknarverkefninu „Lögregla í landsbyggðunum“, sem Guðmundur Oddsson, Andrew Paul Hill og Þóroddur Bjarnason standa fyrir.

#### **Bakgrunnur:**

Markmið verkefnisins er að greina helstu áskoranir og bjargráð lögreglu í dreifbýli á Íslandi.

#### **Fyrirkomulag:**

Ef þú samþykkir að taka þátt í rannsókninni þarft þú að taka þátt í viðtali sem mun taka að jafnaði eina klukkustund. Viðtalið verður tekið upp, með þínu leyfi. Spurningarnar í viðtalinu munu aðallega snúa að hverjar þú telur helst áskoranir lögreglustarfsins í landsbyggðunum og helstu bjargráð (þ.e. úrræði) sem þú notar.

#### **Nafnleynd:**

Allar upplýsingar sem safnað er í viðtölunum verða ónafngreinanlegar meðan á rannsókninni stendur og allar götur upp frá því. Ekki verður greint frá upplýsingum í lokaverkefninu eða öðru útgefnu efni sem verður hægt að rekja til þín. Rannsóknargögnin verða geymd á öruggum stað og einungis fyrrgreindir rannsakendur munu hafa aðgang að þeim. Upptökurnar verða einungis geymdar eins lengi og þörf krefur og verða eyðilagðar þegar ekki verður lengur þörf á þeim til greiningar.

#### **Valfrjáls þátttaka:**

Þátttaka í þessari rannsókn er fullkomlega valfrjáls. Þér er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er og hefur rétt á að biðja um að gögn sem tengist þér séu fjarlægð fyrir 1. maí 2019.

#### **Spurningar:**

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi rannsóknina, vinsamlegast beindu þeim til Sifjar Þórisdóttur ([ha160647@unak.is](mailto:ha160647@unak.is)) og/eða Rebekku Rúnar Sævarsdóttur ([ha150304@unak.is](mailto:ha150304@unak.is)).

Ef þú hefur frekari spurningar eða vangaveltur varðandi þátttöku þína í rannsókninni vinsamlegast hafðu samband við leiðbeinanda okkar, Guðmund Oddsson, dósent í félagsfræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri ([goddsson@unak.is](mailto:goddsson@unak.is)).

Takk kærlega fyrir að samþykkja að taka þátt í rannsókninni

Alltaf á vakt: Áskoranir og bjargráð lögreglumanna í landsbyggðunum

#### **Upplýst samþykki:**

Ég hef lesið ofangreindar upplýsingar og samþykki að taka þátt í þessari rannsókn.

Undirskrift: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Undirskrift rannsakanda: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Undirskrift rannsakanda: \_\_\_\_\_ Dagsetning:

\_\_\_\_\_